



Svandís Svavarsdóttir, formaður þingflokks Vinstri grænna, og Katrín Jakobsdóttir, formaður flokksins, ganga út í kvöldsalann eftir langan fund þingflokksins þar sem rétt var um hvort fara eigi í formlegar viðræður við Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk um myndun ríkisstjórnar. Enginn botn fékkst í málið sem Katrín segir að verði rétt áfram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Katrín segir líkur á góðum samningi

Þrátt fyrir maraþonfund gátu Vinstri græn ekki komist að niðurstöðu um stjórnarmyndunarviðræður við Framsókn- og Sjálfstæðisflokk. Áfram verður fundað eftir hádegi í dag.

STJÓRN MÁL Þingflokkur VG komst ekki að niðurstöðu á löngum fundi í gær um það hvort hefja ætti formlegar viðræður við Framsókn og Sjálfstæðisflokk um myndun ríkisstjórnar. Fundinum verður framhaldið klukkan eitt í dag.

Á fundinum kynntu Katrín Jakobsdóttir, formaður flokksins, og Svandís Svavarsdóttir, formaður þingflokksins, niðurstöður úr óformlegum viðræðum flokkanna.

„Eftir fjögurra tíma fund ákváðum við að fresta fundi. Við erum að fara yfir afrakstur óformlegra viðræðna. Þingmenn þurftu að spyrja spurninga og pæla í þessu. Því er ég að gefa þingflokknum færi á að sofa á þessu og skoða málið í rólegheitum. Síðan verður þetta bara að koma í ljós á morgun,“ segir Katrín sem kveðst vongóð um að hægt sé að landa góðum málefnasamningi við áður nefnda tvo flokka.

„Þingflokkurinn stendur frammi fyrir því mati hvort það telji að það sem við höfum kynnt sé líklegt til árangurs í formi viðræðna. Því gaf ég fólki svigrúm til að meta stöðuna til morguns,“ heldur Katrín áfram.

„Ég tel að það sé hægt að leggja í þá vegferð að kanna þetta. Mitt mat er að við getum náð góðum málefnasamningi. Ég fer í þetta út frá málefnum, ekki persónulegum sigrum,“ undirstrikar formaður VG.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir þingflokksfundinn í gær sýna svo ekki verður um villst hvílik andstaða sé innan VG um þessa ríkisstjórnarmyndun.

„Andstaðan innan flokksins blasir við og því gæti þetta verið erfitt kjörtímabil. Þessi langi fundur gefur einnig til kynna að flokkurinn viti ekki í hvorn fótinn hann eigi að stíga,“ segir Eiríkur Bergmann. – sa

Ráðherrar nýta skúffupeninga

STJÓRN MÁL Frá því ríkisstjórnin sprakk í september hafa ráðherrar nýtt átta milljónir króna af svokölluðu skúffufé sínu. Þrír ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa þó ekki snert á fénu á þessum vikum.

„Ég taldi það ekki rétta ákvörðun að nýta fé sem þetta þegar vitad var að stjórnin væri fallin og vitad væri að flokkarnir væru á leið í kosningabaráttu,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

– sa / sjá síðu 4



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um dóm MDE **10**

SPORT Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur tryggt sér áframhaldandi þátttökurétt á LPGA-mótaröðinni. **14**

TÍMAMÓT Sigurlína Davíðsdóttir prófessor er 75 ára. **16**

LÍFIÐ Dóri DNA gefur út sína aðra ljóðabók í dag og segir að fólk eigi að lesa hana eins og það horfir á klám. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Betolvex B-12

Betolvex 1 mg cyanocobalamin

Fæst án lyfseðils

Actavis

LYFJA

Lifið heil

VERTU LAUS VIÐ LIÐVERKI


NUTRILENK GOLD

180 tablettir

NUTRILENK GOLD

www.artasan.is

Veður



Suðvestan 8-15 og skúrir á morgun, en el annað kvöld. Hægari vindur og bjartviðri norð-austan- og austanlands. **SJÁ SÍÐU 18**

Jarðskjálfti skók Íraka og Írani

ÍRAK Minnst sex létust í smábæ í Íran þegar jarðskjálfti, rúmir 7,2 að styrk, reið yfir á landamærum Írans og Íraks í gærkvöld. Upptök skjálftans voru nærri Penjwin, rúma 350 kílómetra norður af Bagdad, höfuðborg Íraks.

Samkvæmt fyrstu fregnum týndi enginn lífi í Írak eftir skjálftann. Hús í minnst átta bæjum og þorpum í Írak skemmdust hins vegar. Þar létust sex og fjöldi slasaðist.

Skjálftinn fannst vel í Bagdad og nærliggjandi borgum og bæjum. Almannaþing landsins hafa ráðlagt fólki að nota ekki lyftur og reyna að halda sig fjarri byggingum sé þess kostur. Öttast er að eftirskjálftar geti riðið yfir.

Þá fannst skjálftinn einnig í Teheran, höfuðborg Íran, og eru sams konar viðvaranir í gildi þar í landi. – **jóe**

Bólstaðarhlíðarmenn sungu fyrir fjórar milljónir



Karلاكór Bólstaðarhlíðarhepps er kór Íslands árið 2017. Kórinn stóð uppi sem sigurvegari eftir símakosningu í gærkvöld í úrslitaþætti skemmtiþáttarins sem var á dagskrá Stöðvar 2. Kórinn úr Bólstaðarhlíð fékk fjórar milljónir króna að launum fyrir sigurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL ÞÓR



Anna Hallgrímsdóttir og Stefán Þorleifsson fremst í flokki. MYND/G. PÉTUR

Óblandin ánægja með nýju göngin

SAMGÖNGUR Mikil gleði ríkti í Fjarðabyggð um helgina þar sem ný göng milli Norðfjarðar og Eskifjarðar voru opnuð formlega á laugardag. Íbúar og gestir fjölmenntu til að vera viðstaddir opnunina þar sem Jón Gunnarsson samgönguráðherra

og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri klipptu á borða Eskifjarðarmegin við göngin með aðstoð Önnu Hallgrímsdóttur sem er eitt hundrad ára og Stefáns Þorleifssonar sem er 101 árs og var fyrstur til að aka í gegn. – **gar**

Eins og annars flokks í hávaða frá Nýbýlavegi

Íbúi í götu við Nýbýlaveg leggur ekki í að leyfa sonunum að leika sér úti í garði vegna hættu á að þeir komist út á götuna. Hávaði frá götunni er einnig að æra þau. Nágrannar nota ekki garða sína af sömu sökum. Bærinn hyggst ekkert gera.

KÓPAVOGUR Hjón í Kópavogi eru þreytt á hávaða sem berst inn til þeirra frá umferðaræð í bænum. Samskipti við bæinn hafa litlu skilað.

„Við fluttum hérna inn síðasta sumar og höfum staðið í þessu stappi síðan þá,“ segir Sandra Árnadóttir, íbúi í Vallhólma í Kópavogi. Hún og Jónas, maðurinn hennar, fluttu í húsið úr póstnúmeri 203 ásamt tveimur ungum sonum sínum, fjögurra og sex ára.

Íbúðin á nýja staðnum hefur hins vegar ekki reynst jafn skemmtileg og þau vonuðust til. Við garð þeirra liggur Nýbýlavegur en talsverð umferð er um götuna á degi hverjum. Hjónin segja að mikill hávaði berist í húsið þeirra frá götunni og hafa kallað eftir því að lokið yrði við gerð hljóðmanar við garð þeirra.

„Skömmu eftir að við fluttum fór ég á fund á skrifstofu bæjarins. Eftir það kom hingað maður og mældi hávaðann frá götunni og komst að því að hér væri allt í lagi. Mælingin var hins vegar gerð á neðri hæðinni hjá okkur, sem er aðeins notuð sem bílskúr og sjónvarpsherbergi, en ekki af þeirri efri þar sem við höfumst við,“ segir Sandra.

Í kjölfarið hafi þau sent bæjaryfirvöldum itrekuð bréf. Þegar þeim hefur verið svarað hefur svarið verið á þá leið að ekki standi til að gera neitt í málinu.

„Nágrannar okkar hér í næstu húsum sögðu okkur bara að sleppa þessu. Þetta væri ekki til neins. Þau hafi reynt í fjölmörg ár að fá bæinn til að gera eitthvað í málinu,“ segir Sandra.

Sandra segir málið ekki aðeins



Hjónin Sandra og Jónas eru úrkula vonar um að bærinn gripi til ráðstafana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nágrannar okkar hér í næstu húsum sögðu okkur bara að sleppa þessu. Þetta væri ekki til neins. Þau hafi reynt í fjölmörg ár að fá bæinn til að gera eitthvað í málinu.

Sandra Árnadóttir, íbúi við Vallhólma

snúast um hljóðvist í húsi sínu heldur einnig öryggi sona sinna. Hún geti ekki leyft þeim að leika sér í garðinum hjá sér meðan aðbúnaður sé eins og hann er nema undir stöðugu eftirlit. Þeir geti auðveldlega komist út á Nýbýlaveg meðan ástandið sé eins og það er.

„Það eru ekki aðeins við sem erum hætt að nota garðinn. Nágrannar okkar gera það varla enda varla líft hérna þegar umferðin er sem mest,“ segir Sandra. „Það er búið að hækka hljóðmönina hérna í kringum flest hús nema okkar og nokkur hér við hlíð okkar. Okkur líður eins og annars flokks íbúum.“ johannoli@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED rakapétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AÐRIR HVERFA Í SKUGGANN AF LAND CRUISER

Black



Verð frá: 8.110.000 kr.

Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:

GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómliði á afturhlera, gluggavindhlífur og krómstútur á púst.

Um glæsileika Land Cruiser er engum blöðum að fletta og nú kynnum við hinn margrómaða töffara í margkrómaðri sérútgáfu – Land Cruiser 150 Black. Þessi eitursvali Land Cruiser er prýddur krómi á alla kanta og kolsvörtum 18" álfelgum sem lyftir glæsileikanum í nýjar hæðir. Og það er svalt á toppnum. Ekki hverfa í skuggann. Komdu og reynsluaktu Land Cruiser 150 Black.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Læknar sem vilja heim frá Svíþjóð fá ekki flýtimeðferð í dómsmáli

DÓMSMÁL Hæstiréttur hafnar kröfu íslensks svæfingarlæknis, sem býr í Stokkhólmi, um að mál hans gegn íslenska ríkinu fái flýtimeðferð.

Læknirinn krefst þess að ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um að hafna umsókn hans að ramma-samningi SÍ og sérgreinalækna verði felld úr gildi.

Fyrir rúmum mánuði stefndu átta íslenskir sérgreinalæknar ríkinu því þeir voru ekki teknir inn á ramma-samninginn. Synjunin var í samræmi við ákvörðun heilbrigðisráðherra um að hleypa ekki fleirum á samninginn vegna stöðu fjárlagaliðarins.

Læknarnir vilja starfa á Íslandi en telja að það að þeim sé ekki hleypt

á samninginn geti kippt grundvelli undan rekstri þeirra hér á landi.

„Kjósi umbjóðandi minn að starfa í ójafnri samkeppni við aðra meðan úrlausnar er beðið, þá mun ríkja óvissa um forsendur þeirra starfa og mögulega skaðabótaskyldu íslenska ríkisins, og þetta hefur bein áhrif á ákvörðun fjölskyldunnar um búsetu

» Læknar segjast ekki geta flutt heim frá Svíþjóð fái þeir ekki aðild að samningi Sjúkratrygginga Íslands.

hér á landi eða áfram í Svíþjóð,“ segir í bréfi lögmanns svæfingarlæknisins Magnúsar Hjaltalín Jónssonar til

dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Héraðsdómari féllst ekki á að aðstæður væru með því móti að unnt væri að fallast á flýtimeðferð. Ekki væri séð með hvaða móti ákvörðun SÍ hefði breytt aðstöðu læknisins. Því var flýtimeðferð hafnað.

Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð héraðsdómara. – jõe

Nýtt sveitarfélag á Suðurnesjum

SVEITARFÉLÖG Íbúar í Sandgerði og Garði hafa samþykkt sameiningu sveitarfélaganna tveggja í kosningu.

Í Garði samþykktu 71,5 prósent íbúa sameiningu en 28,5 prósent voru á móti. Um 53 prósent íbúa á kjörskrá kaus. Í Sandgerði var sameiningin samþykkt með 55,2 prósent atkvæða en 44,8 prósent voru á móti. Þar var kosningabátttakan 55,2 prósent.

„Það eru spennandi tímar fram undan,“ er haft eftir Ólafi Þór Ólafssyni, formanni bæjarstjórnar í Sandgerði, í tilkynningu. Ný bæjarstjórn verður kosin í maí 2018. Síðan fá íbúarnir, sem eru ríflega 3.200, að velja nafn á nýja sveitarfélagið. – gar



Vonandi fær þessi kisa ekki hnerripest. NORDICPHOTOS/GETTY

Faraldur leggst á hunda og ketti

DÝR Bráðsmitandi öndunarfærasýking hefur herjað á hunda og ketti á höfuðborgarsvæðinu undanfarið. Nú virðist pestin hafa borist út á land. Frá þessu greindi Matvælastofnun fyrir helgi.

Fá dýr hafa veikt alvarlega en einkennin eru oftast hnerri og hósti. Ganga þau yfirleitt yfir á nokkrum dögum.

Ekki er enn vitað um hvaða sýkingu er að ræða en rannsókn á sýnum er nú gerð í Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum.

Eigendum dýra sem sýna merki þessarar pestar er ráðlagt að fordast álag á dýrin og að fylgjast náið með heilsu þeirra. Ef alvarlegri einkenni gera vart við sig er rétt að hafa samband við dýralækni. – þea

Tæma skúffur á lokametrunum

Frá stjórnarslitum hafa ráðherrar nýtt átta milljónir af skúffufé sínu. Þrjú ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa ekki snert á fénu á þessum vikum. Dómsmálaráðherra hefur yfirhöfuð ekki nýtt skúffufé á kjörtímabilinu.

STJÓRNMÁL Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa varið að minnsta kosti tæpum átta milljónum króna af svokölluðu skúffufé sínu eftir að ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks, Vindreisnar og Bjartrar framtíðar var slitið um miðjan september.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur úthlutað mestu, á þessu tímabili, eða rúmum þremur milljónum króna.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn til allra ráðuneyta um nýtingu ráðherra á svokölluðu skúffufé, frá þeim tíma sem ríkisstjórnarsamstarfi var slitið og ráðherrar urðu því ráðherrar í starfsstjórn án meirihluta á þingi.

Fimm af ráðherrunum ellefu höfðu nýtt fjármagn úr þessum potti sínum í ráðuneyti en ráðherrar ákveða eftir geðþótta hvernig þessum peningum er varið.

Sigríður Á. Andersen, Bjarni Benediktsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherrar Sjálfstæðisflokks, hafa ekki útdeilt neinu fé á þessu tímabili sem um er rætt. Enn fremur tók Sigríður Á. Andersen þá ákvörðun að snerta ekki þetta fé í sinni ráðherratið og mun því það fé sem henni hefur verið úthlutað renna aftur í ríkissjóð um áramót.

Guðlaugur Þór Þórðarson segir þurfa skýran ramma um þennan fjárlagalið hvers ráðherra.

„Ég taldi það ekki rétta ákvörðun að nýta fé sem þetta þegar vitað var að stjórnin væri fallin og vitað væri að flokkarnir væru á leið í kosningabaráttu. Þegar ég var í heilbrigðisráðuneytinu hafði ég nefnd utan um þetta sem fór í gegnum umsóknir og hafði þetta í föstum skordum,“ segir Guðlaugur Þór.

Jón Ólafsson síðfræðingur segir úthlutanir sem þessar þurfa að vera uppi á borðum.

„Svona ákvarðanir sem byggðar eru á geðþótta ráðherra og án skýringa, ættu auðvitað að vera listadar upp á síðum ráðuneytis, hver einasta fjárveiting. Þá væri hægt að



Hluti ráðherralíðs ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar við eldhúsdagsumræður á Alþingi í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég taldi það ekki rétta ákvörðun að nýta sem þetta.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra

glöggva sig betur á þeim. Það hefur líka sýnt sig að því meira sem gegnsæið er, því lægri upphæðum er varið af almannafé í svona hluti. Því hlýtur lykilorðið að vera gegnsæi og auðvelt aðgengi að þessum upplýsingum,“ segir Jón Ólafsson.

sveinn@frettabladid.is

Notkun á skúffufénu eftir að ríkisstjórnarsamstarfi var slitið

Jón Gunnarsson samgönguráðherra	3.100.000
Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra	2.470.000
Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra	1.500.000
Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra	800.000
Kristján Þór Júlíusson menntamálaráðherra	50.000
Bjarni Benediktsson forsætisráðherra	0
Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra	0
Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra	0
Samtals	7.920.000

Engar upplýsingar: Þorgerður K. Gunnarsdóttir sjávarútvegsráðherra, Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra og Þórdís K. R. Gylfadóttir iðnaðaráðherra.

Einróma lof

„Feikilega magnaður vefur ...“


Þorgeir Tryggvason / Kiljan

„... ljóð hennar eru í senn heillandi fögur og bullandi óþægileg ...“

Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

„Einn af okkar stóru, mjög virtu höfundum.“

Egill Helgason / Kiljan





DACIA LOGAN

**ÞÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU**



Verð:

2.590.000 kr.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útlarp og geislaspilarar með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass“ tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.



www.dacia.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Sýni gát við Hverfisfljót

UMHVERFISMÁL Umhverfis- og náttúrverndarnefnd Skaftárhrepps vísar til ákvæðis í náttúrverndarlögum um að Skaftáreldahraun skuli verndað sem hraun frá nútíma í umsögn til Skipulagsstofnunar vegna virkjunar í Hverfisfljóti.

„Einnig njóta sérstakrar verndar fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki,“ er vitnað í lögum. Mæltist nefndin til þess að „á áhrifasvæði virkjunarframkvæmda verði forðast að spilla ofangreindum náttúrufyrirbærum eins og kostur er“.

Einn nefndarmanna sat hjá. „Áin rennur við stærstu hraunbreiðu sem runnið hefur á sögulegum tíma sem er merkileg bæði vegna stærðarinnar, þess að gosið hafði gríðarleg áhrif á veðurfar á öllu norðurhveli jarðar og þeirra merku samtímaheimilda sem til eru um framgang gossins,“ bókaði Jóna Björk Jónsdóttir. „Virkjunin hefur mikil neikvæð áhrif á einstakt svæði og jarðminjar sem njóta verndar náttúruverndarlaga auk þess sem hún skerðir stór svæði víðernis með óafturkræfum hætti.“

Umhverfisráðuneytið hefur hnekk ákvörðun Skipulagsstofnunar um að virkjunin í Hverfisfljóti þurfi ekki í mat á umhverfisáhrifum. –gar

9,3

megavatta virkjun er áformuð í Hverfisfljóti

Fögnuðu með óeirðum



Karlalandslið Marokkó í knattspyrnu tryggði sér um helgina farseðil á heimsmeistaramótið sem fram fer í Rússlandi á næsta ári. Tuttugu ár eru liðin síðan landið komst síðast í lokakeppnina. Marokkómenn um heim allan fögnuðu mjög og full mikið jafnvel að mati sumra. Til átaka kom milli lögreglu í Brussel og Marokkómanna þegar þeir síðarnefndu vildu ekki róa sig. Kveikt var í bílum og 22 slösuðust í ólátunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sameiningaráform á ís vegna manneklu

Áformum um sameiningu leikskóla í Reykjavík er slegið á frest. Meirihluti skóla- og fræðsluráðs vill leggja sitt af mörkum til að draga úr álagi á leikskólum. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins óttast að meirihlutinn sé einungis að fresta málinu fram yfir kosningar næsta vor.

REYKJAVÍK „Það er forgangsmál hjá okkur að bæta vinnuumhverfið í leikskólaumhverfinu. Við teljum að það eigi að vera í algjörum forgangi og öll önnur stefnumótun þurfi að taka mið af því markmiði að við viljum minnka álag, bæta vinnuskilyrði starfsfólks og bæta liðsandann. Við teljum að sameiningar séu ekki gott innlegg inn í það við þessar aðstæður. Þess vegna viljum við taka allt slíkt af dagskrá,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og fræðsluráðs Reykjavíkurborgar.

Áformum um sameiningar leikskóla í Rimahverfi í Grafarvogi hefur verið slegið á frest. Tillaga var samþykkt á fundi skóla- og fræðslu-

ráðs um að ráðast ekki í sameiningar við núverandi aðstæður.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði til að fundinum að horfið yrði alfarið frá fyrirleggjandi tillögum um sameiningu leikskóla í Reykjavík. Þess í stað verði reynsla metin af þeim leikskólasameiningum sem hafa átt sér stað í borginni frá árinu 2011. Sjálfstæðismenn vilja að úttekt verði gerð á málinu og metið hvaða áhrif sameiningarnar hafa haft á faglegt starf og starfsmannahald í þeim skólum sem þær náðu til.

Tillaga Kjartans var ekki afgreidd og við það er hann afar ósáttur.

„Ég held að það sé bara verið

Við teljum að það eigi að vera í algjörum forgangi og öll önnur stefnumótun þurfi að taka mið af því markmiði að við viljum minnka álag, bæta vinnuskilyrði starfsfólks og bæta liðsandann

Skúli Helgason, formaður skóla- og fræðsluráðs Reykjavíkur



að fresta þessu við núverandi aðstæður af því að það eru að koma kosningar. Ég held að þau hafi fullan hug á að gera þetta en vilji bara bíða fram yfir kosningar með það,“ segir Kjartan við Fréttablaðið. Hann segir að eðlilegra hefði verið að sin tillaga hefði verið tekin fyrir fyrst þar sem hún gekk lengra. „Almenn fundarsköp fela í sér að sú tillaga sem gengur lengst sé tekin fyrir fyrst, þannig að ef hún er felld geti sá sem þá tillögu flytur stutt þá tillögu sem gengur skemur,“ segir Kjartan.

Hjá Reykjavíkurborg hefur verið unnið eftir því verklagi að þegar leikskólastjóri lætur af störfum,

yfirleitt út af aldri, þá hafi menn skoðað möguleika á sameiningu leikskóla. Hins vegar hefur engin pólitísk stefna verið mótuð varðandi þetta.

„Við vildum draga hreina línu í sandinn og hafa alveg á hreinu að sameiningarmálin eru til skemmri tíma ekki hjálpleg til að draga úr álagi, heldur þvert á móti. Það fylgir því alltaf álag að gera skipulagsbreytingar. Stundum er þetta eitthvað sem menn verða að gera til að hagræða en sem betur fer er fjárhagur borgarinnar það góður að það er ekki knýjandi þörf á svona aðgerðum,“ segir Skúli.

jonhakon@frettabladid.is



ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólguþandi og verkjastillandi
munnsogstafla við særindum í hálsi



Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtíma meðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munn á 3-6 klst. fresti eftir þörpum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólahringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leititð til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekan upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Sjáðu ljósið.



Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.



Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum. Þú finnur ódýran og nettan e-up!, sportlegan Golf GTE, flaggskipið e-Golf og rúmgóðan Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Það er góð tilfinning að koma í hlýjan bílinn á köldum vetrarmorgnum, fylgjast með hleðslunni í símanum og ferðast um á umhverfsvænan hátt. Hugsaðu hlutina upp á nýtt og skiptu yfir í rafbíl sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!



e-up! Rafmagnsbíll

Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*

Verð frá **2.990.000** kr.

e-Golf Rafmagnsbíll

Dregur allt að 300 km*

Verð frá **4.150.000** kr.

Golf GTE Tengiltvinnbíll

Sportlegur og umhverfsvænn.

Verð frá **3.990.000** kr.

Passat GTE Tengiltvinnbíll

Frábær fjölskyldubíll.

Verð frá **4.770.000** kr.



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Hlakka til aðventunnar

LANDBÚNAÐUR Hrutar landsins bíða nú spenntir eftir að fengitíminn hefjist en í desember hefjast tilhlypingar.

Hér er kollóttur hrútur og annar hyrndur á bænum Efra-Hvoli rétt við Hvolsvöll sem eru í eigu Lenu Zielinski og fjölskyldu. Á bænum eru um 200 fjár.

Í desember verða ærnar blæsma og á sama tíma er kynhvöt hrútanna mest. Ef allt heppnast fæðast fallæg lömb að vori. – mhh



Kollóttur og hyrndur hugsa eins. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

Í krumlum Sáði-Araba

Forsætisráðherra Líbanons hefur ekki skilað sér úr ferð til Sáði-Arabíu. Að sögn samstarfsmanna var Hariri þvingaður til að segja af sér. Hann sé í raun fangi Sáða.

LÍBANON Grunur leikur á að stjórnvöld Sáði-Arabíu haldi Saad Hariri, forsætisráðherra Líbanons, í landi þeirra gegn vilja hans. Tíu dagar eru liðnir frá því að Hariri fór til Sáði-Arabíu en hann hefur ekki komið þaðan aftur.

Fyrir rúmri viku lagði Hariri af stað til Sáði-Arabíu. Daginn eftir að hann lenti þar flutti hann ávarp frá landinu þar sem hann sagði af sér sem forsætisráðherra Líbanons. Ástæðan var sú að hann óttaðist að verða ráðinn af dögum. Forseti Líbanons, Michel Aoun, hefur hins vegar neitað að fallast á afsögn hans nema hann komi heim til Líbanons.

Nánir samstarfsmenn Hariri segja við katarska miðilinn Al-Jazeera að um leið og hann hafi lent í Riyadh, höfuðborg Sáði-Arabíu, hafi hann áttað sig á því að eitthvað var rangt. Engin móttökunefnd hafi beðið hans líkt og venjan er. Sími hans hafi verið gerður upptækur og hann þvingaður til að flytja ávarpið.

Sömu heimildarmenn herma einnig að Sádur hafi lengi lagt á ráðin um að eldri bróði Saads, Bahaa, taki við af bróður sínum. Rætt hafi verið við fjölskyldumeðlimi um að þeir heimsæki Sáði-Arabíu í þeim tilgangi að sverja þeim eldri, Bahaa, hollustu en ekki hefur verið fallist á það.

Hariri mætti í sjónvarpsviðtal í gærkvöld og tilkynnti að hann hygðist snúa heim aftur í vikunni. Hann væri ekki fangi í Sáði-Arabíu.



Mynd frá fundi Saads Hariri og Salmans bin Abdulaziz Al Saud, konungs Sáða, sem fram fór fyrir viku. Ýmsir telja að Hariri sé nær því að vera fangi Al Saud heldur en gestur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Saad Hariri kom til Sáði-Arabíu fyrir viku og sagði daginn eftir af sér embætti sem forsætisráðherra Líbanon. Sádur eru grunaðir um græsku.

Talið er að ástæðan fyrir nýliðnum atburðum sé sú að Sádur telji Hariri sýna of mikla linkind gagnvart Hezbollah. Samtökin aðhyllast sjá arm íslam og njóta stuðnings Írana. Sádur eru aftur á móti súnni múslimar og

meðal helstu andstæðinga Írana. Hafa þeir lengi reynt allt það sem þeir geta til að veikja samtökin en þau eru í senn stjórn mála- og skæruliðasamtök. Sem stendur eiga þau sæti í ríkisstjórn Saads Hariri.

Aðgerðin hefur ýtt Líbanon aftur í fremstu röð í átökum Írana og Sáða sem nú standa yfir. Hingað til hafa Írak, Sýrland og Jemen verið í brennidepli en í öllum þeim löndum hafa staðið yfir átök þar sem Íranar og Sádur hafa stutt dyggilega við bakið á skóðanabræðrum sínum. johannoli@frettabladid.is

Fundarboð um stofnun stéttarfélag flugliða.

Við undirrituð höfum ákveðið að leggja til að stofnað verði nýtt stéttarfélag flugliða (flugfreyjur og flugþjónar). Í þeim tilgangi boðum við hér með til stofnfundar sem haldin verður í Borgartúni 32 (Hótel Cabin), 105 Reykjavík, 7. hæð, mánudaginn 20. nóvember 2017, kl. 11:00.

Dagkrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Borin upp tillaga um að stofna félagið og lögð fram drög að fyrstu samþykktum þess.
3. Tillaga að samþykktum lögð fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðanda.
6. Kosning samninganefndar.
7. Kosning trúnaðarráðs.
8. Drög að kjarasamningi kynnt og umboð samninganefndar rætt.
9. Önnur mál.

Stofnuð verður heimasíða www.sambandflugliða.is. Á henni má finna, drög að lögum félagsins o.fl. Heimasíðan verður tilbúin fyrir kl:18 Mánudaginn 20. nóvember n.k.

Félagssvæðið verður Ísland og eiga allir flugliðar á svæðinu rétt á að ganga í félagið og taka þátt í stofnun þess. Á fundinum verður Einar Gautur Steingrímsson hrl. sem hefur aðstoðað við stofnun félagsins.

F.h. undirbúningsnefndar

Erla Pálsdóttir, Erla Björg Hafsteinsdóttir, Carmen Maja Valencia, Íris Mist Arnardóttir, Ingibjörg Sesselja Björnsdóttir.



STARTUP TOURISM

Kynningarfundur:
nýsköpun í ferðaþjónustu

Fimmtudaginn n.k.
16. nóvember
kl. 12:00-13:00
Norræna húsinu

Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

Startup Tourism er tíu vikna viðskiptahraðall þar sem allt að tíu sérválin sprotafyrirtæki fá tækifæri til að þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar undir leiðsögn reyndra frumkvöðla, fjárfesta og annarra sérfræðinga þeim að kostnaðarlausu.

Við leitum að verkefnum sem stuðla að dreifingu ferðamanna víðs vegar um landið, allan ársins hring og nýjum lausnum sem styðja innviði ferðaþjónustunnar.

Hraðallinn hefst **15. janúar 2018** og fer fram í Reykjavík.

Opið er fyrir umsóknir á startuptourism.is. Umsóknarfrestur er til **11. desember 2017**.

ICELANDIC STARTUPS

vodafone

Íslandsbanki

ISAVIA

BLUE LAGOON ICELAND

ÍSLENSKI FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

FÁÐU HÖRKUTILBOÐ Í NÝJAN SENDIBÍL

LÁTTU OKKUR KOMA ÞÉR Á ÓVART MEÐ MILLIGJÖF

Komdu með gamla sendibílinn og við gefum þér tilboð í hann samdægurs.



RENAULT TRAFIC

VERÐ: **2.944.000 KR. ÁN VSK.**
3.650.000 MEÐ VSK.



RENAULT MASTER

VERÐ: **3.669.000 KR. ÁN VSK.**
4.550.000 MEÐ VSK.



RENAULT KANGOO

VERÐ: **2.218.000 KR. ÁN VSK.**
2.750.000 MEÐ VSK.



DACIA DOKKER

VERÐ: **1.887.000 KR. ÁN VSK.**
2.340.000 MEÐ VSK.

KOMDU OG FÁÐU TILBOÐ Í
REKSTRARLEIGU Á NÝJUM SENDIBÍL

Breyttir tímar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Þvinganir, hótanir, áreitni, niðurlægning, ofbeldi, útilokun. Þetta er veruleiki kvenna og enginn getur lengur horft í hina áttina. Konur er nóg boðid og þær hafa fundið styrk sinn í sannleikanum og samstöðunni. Hver sagan rekur aðra vestan hafs og í Bretlandi, sænskar leikkonur sprengja skalann og íslenskar stallsystur eru einnig byrjaðar að greina frá margháttaðu kynferðislegu ofbeldi, áreitni og ógnunum sem þær hafa mátt þola. Það er í raun ekkert sem bendir sérstaklega til þess að málum sé öðruvísi háttáð á Íslandi en til að mynda í Svíþjóð. Munurinn gæti falist í áherslum mótstöðuafslins á hverjum stað og gleymum því ekki að höfum hátt byltingin kom ríkisstjórn Íslands frá völdum.

Veröld kvikmynda, leiklistar, tónlistar og fleiri atvinnugreina, þar sem konur hafa verið í fararbroddi í uppljóstrunum um stöðu og framgang mála, hefur vissulega ákveðna sérstöðu. Í þessum greinum er oft mikið gert út á útlit og kynþokka og samkeppnin er hörð um að komast áfram í þessum heimi. Karllegt samfélag yfir þessa hörðu samkeppni með því að stuðla að fám tækifærum fyrir konur og viðheldur þannig valdi sínu og yfirburðum. Afleiðingin er að vilji konur komast áfram í viðkomandi atvinnugreinum þurfa þær að líkindum að þola kynferðislega áreitni eða jafnvel í versta falli eitthvað þaðan af verra á borð við vandi og í raun nauðganir.

Sérstaða þessara atvinnugreina breytir því ekki að það er ekkert sem segir okkur að þessum málum sé ekki víða háttáð með sambærilegum hætti, jafnvel í samfélaginu í heild sinni. Þannig er launamunur kynjanna í raun ein skýrasta birtingarmynd misbeitingar í krafti kynferðis sem konur hafa alla tíð mátt þola. Hið sama má segja um stöðu kvenna í stjórnáttum sem á Íslandi virðist jafnvel vera í afturför fremur en framför ef mið er tekið af síðustu alþingiskosningum, það er að segja útkomunnar en ekki tilefnisins.

Launamisrétti, kynferðisleg áreitni í starfi, takmörkun tækifæra til frama o.s.frv. allt eru þetta greinar á sama stofni samfélags sem er sérsníðið utan um karllægar þarfir, vald og vilja. Tal karlmanna og allra sem sætta sig við núverandi ástand um „svona er nú markaðurinn og lýðræðið“ fær alveg nýja merkingu í ljósi í þeirra staðreynda og alls þess sem nú er að koma í ljós í samfélaginu. Þeirra staðreynda að konur eru undirokaðar í nútíma samfélagi og þær beittar misrétti eða þaðan af verra í krafti kynferðis á hverjum degi.

Allt er misréttið svo réttlætt með frösnum um að konur þurfi bara að vera duglegri að koma sér áfram, sækja sér launahækkanir, starfa innan stjórnáttahreyfinga og þannig mætti áfram telja. Yfir réttlættinguna er svo lagður leyndarhjúpur vegna þess að leyndin er besti bandamaður ríkjandi valds. Launaleynd og allt að því trúarleg leyndarhjúga fyrirtækja, stofnana og atvinnugreina eru forsenda þess að viðhalda ástandinu en konurnar sem nú stíga fram undan hjúpnum og hafa hátt eru að breyta þessu öllu. Breyta samfélaginu til betri vegar fyrir okkur öll. Takk fyrir það.

... konur eru undirokaðar í nútíma samfélagi og þær beittar misrétti eða þaðan af verra í krafti kynferðis á hverjum degi.

Halldór



Frá degi til dags

Eðli andstöðunnar Þingmennirnir Brynjar Nielsson og Helgi Hrafn Gunnarsson áttu í orðaskaki í gær eftir að Brynjar deildi pistli Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra. Þar kemur fram að síðast þegar Helgi sat á þingi hafi hann setið hjá í 1.112 atkvæðagreiðslum. Helgi svaraði fyrir sig og benti á að hann hefði lagt fram haug af fyrirspurnum og frumvörpum. Á ný skaut Brynjar á Helga og sagði hann „kæfa“ hina með endalausum fyrirspurnum. Í hamanginum virðist Brynjar hér gleyma því að fyrirspurnir eru gífurlega mikilvægar hluti þess að vera í stjórnarandstöðu, ef ekki sá mikilvægasti.

Fjarverandi Brynjar Fastanefndarformaðurinn Brynjar gleymir því hins vegar að láta það fylgja sögunni að á meðan Helgi var hlutlaus í riflega þúsund skipti þá var hann sjálfur víðsfjarri í tæplega þúsund á sama kjörtímabili. Í tæplega 400 skipti hafði Brynjar verið skráður með tilkynnta fjarvist en í 553 skipti var hann ekki viðstaddur atkvæðagreiðslu og lét ekki vita af því. Það má deila um það hvort það sé betra að taka ekki afstöðu í atkvæðagreiðslu á þingfundinum yfirhöfuð.
johannoli@frettabladid.is

Davíð þó



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
hæstaréttarlögmaður

Í liðinni viku kvað Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) upp dóm í máli Egils Einarssonar gegn íslenska ríkinu. Niðurstaða dómsins var að með dómi Hæstaréttar í meiðryðamáli Egils gegn Inga Kristjáni Sigurmarssyni hafi íslenska ríkið gerst brotlegt við 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE).

Daginn eftir að dómurinn gekk birti Davíð Þór Björgvinsson, prófessor og fyrrverandi dómari við MDE, grein á vefsvæði sínu undir yfirskriftinni „Fúkyrði eða fullyrðing?“.

Í greininni segir Davíð Þór meðal annars (1) að skilaboðin frá MDE séu nokkuð misvísandi, (2) að niðurstaða Hæstaréttar þess efnis að líta beri á tjáninguna sem gildisdóm sé, þegar á allt er litið, ágætlega rökstudd og sannfærandi og (3) að Hæstiréttur hafi í góðri trú beitt í dómi sínum sömu sjónarmiðum og MDE hefur gert.

Ég er ósammála Davíð Þór:

Í fyrsta lagi má lesa það út úr dómi MDE að aukinn rökstuðningur Hæstaréttar hefði engu breytt. Niðurstaða Hæstaréttar þess efnis að ummælin „rapist“ væru gildisdómur var einfaldlega röng í ljósi þeirra staðreynda að sakamálin gegn Agli höfðu verið felld niður. Egill hefur hvorki verið ákærður né sakfelldur fyrir nauðgun.

Í öðru lagi þá verða ummælin með engu móti réttlætt, eins og Hæstiréttur kaus að gera, með vísan til blogg-færslna sem Egill skrifaði árið 2007 enda voru ummælin sem málið snerist um sett fram vegna viðtals sem birtist árið 2012 eða 5 árum síðar og fjallaði um niðurfellingu fyrrgreindra sakamála.

Í þriðja lagi byggir dómur MDE á því að ekki sé nægjanlegt fyrir Hæstarétt að beita þeim sjónarmiðum sem MDE hefur mótað í framkvæmd ef matið er bersýnilega ófullnægjandi. Dómur MDE er því í góðu samræmi við fyrri dóma réttarins í íslenskum málum. Fyrir utan að íslenskir dómstólar fylgi viðmiðum MDE hlýtur að mega gera þá kröfu til íslenskra dómstóla að matið sjálf og niðurstaða þess sé í samræmi við almenna skynsemi.

Í stuttu máli felur dómur MDE í sér þau skýru og einföldu skilaboð til íslenskra ríkisins að Hæstiréttur eigi að láta það ógert í framtíðinni að kveða upp dóma sem þennan.

Í stuttu máli felur dómur MDE í sér þau skýru og einföldu skilboð til íslenskra ríkisins að Hæstiréttur eigi að láta það ógert í framtíðinni að kveða upp dóma sem þennan.

Snjóblásarar



Cub Cadet **MTD**

Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Vefsíða: www.thor.is	Opnunartími: Opnið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar
--	--	--------------------------------	--

Meinsemdin dulið eignarhald



Sigurður Magnason
læknir

Meðal verkefna nýs Alþingis og næstu ríkisstjórnar verður að byggja upp traust í samfélaginu. Ein forsenda trausts er að menn segi deili á sér. Þetta á við í viðskiptalífnum ekki síður en í daglegum samskiptum manna.

Íslendingar eru aðilar að alþjóðlegu ríkjasamstarfi Financial action task force um aðgerðir gegn peningabætti o.fl., en í því felst m.a. að upplýsa beri um endanlegt eignarhald lögaðila.¹⁾ En Ísland fær þá umsógn að þessi skuldbinding sé aðeins uppfyllt að hluta til (e. „partially compliant“).^{1,2)}

Átakanleg mynd af ástandi þessara mála hefur verið að birtast almenningi í fjölmiðlum, vegna gagnaleka um huldufélög í skattaskjólum. Þær upplýsingar gefa bæði tilefni og tækifæri til að færa þessi mál til betri vegar. Fjölmiðlar hafa þar mikilvægu hlutverki að gegna, með því að leita svara og upplýsa um eðli þessara mála og að styðja við frjálsa og gagnrýna umræðu um þau.

Bankar munu hafa stofnað til fjölda eignarhaldsfélaga fyrir hönd viðskiptavina sinna á aflandssvæðum, þar sem enginn virðist hafa átt að geta vitað hver stæði á bak við þau. Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eru meðal þeirra sem hafa borið að hafa fengið slíka þjónustu.³⁾ Þar sem fjármálastofnanir eru háðar starfsleyfi stjórnvalda, þurfa að fara að íslenskum lögum og sæta eftirliti Fjármálaeftirlitsins, ætti stjórnvöldum að vera í löfa lagið að koma þessum málum í lag. Leita ætti eftir samstarfi um það við greinina, enda mjög í hennar eigin þágu að byggja upp traust almennings til fjármála-fyrirtækja.

Þá virðist dulið eignarhald vera mikil lenska í viðskiptalífnum. Ákvæði ýmissa laga sem gilda um viðskiptalífið virðast haldlíti á meðan hægt er að dylja eignarhald; s.s. ákvæði skattalaga, samkeppnislaga og laga gegn hringamyndun eða innherjaviðskiptum. Svo virðist sem berja þurfi í einhverja bresti í lagaumhverfinu, s.s. í lögum um eignarhaldsfélög. Með því að fullt gagnsæi ríkti um eignarhald yrðu aðilar markaðarins jafnir fyrir slíkum lögum í reynd.

Opinberir aðilar munu jafnvel hafa stofnað og átt í viðskiptum við huldufélög á aflandssvæðum. Það ættu að vera hæg heimátökin fyrir stjórnvöld að setja sjálfum sér og þeim stofnunum sem undir þau heyra þá reglu að eiga ekki í slíkum viðskiptum.

Loks hefur sumu venjulegu fólki sem á peninga verið talin trú um að réttmæt eign þess sé best geymd og varin í skattaskjóli. Jafnvel þó svo að þeir peningar verði þá lagalega séð ekki í eigu viðkomandi, heldur umrædds félags.⁴⁾ („Peningarnir eiga sig sjálfir“). Nokkuð virðist vera um slíka tilhögun hér á landi.

Farvegur fyrir spillingu

Í fræðilegri úttekt Cooley og Sharmar²⁾ er því lýst hvernig dulið eignarhald er ásamt fleiru farvegur fyrir spillingu og peningabætti víða um heim. Einnig hvernig aðilar í bankastarfsemi, endurskoðun, fasteignasölu o.fl. löglegum og virtum greinum hjálpa viðskiptavinum sínum að dyljast og skaffa lagalega staðgengla í þeirra stað, í því skyni að veita þeim skjól frá eftirlits- og löggæslustofnunum. Viðmælendur höfundanna við eftirlits- og löggæslustofnanir voru flestir á því að

sýndarfyrirtæki (e. shell companies) með duldu eignarhaldi væru stærsta hindrunin í viðureign þeirra við alþjóðleg efnahagsbrot.²⁾

Samtökin Global witness hafa um margt verið brautryðjendur í að opna umræðuna um dulið eignarhald og andæfa því,⁵⁾ en fleiri hafa lagt þeirri baráttu lið. Skilningur hefur vaxið og vitund aukist um hvað við er að eiga. Og mikilvæg skref hafa verið stigin til að stemma stigu við duldu eignarhaldi, bæði í

löggjöf einstakra ríkja og í alþjóðasamstarfi.

Það væri verðugt verkefni fyrir Alþingi og næstu ríkisstjórn að hafa forystu um að koma þessum málum í lag. Hvernig væri að grunnur yrði lagður að því í stjórnarsáttmála næstu ríkisstjórnar, að losa samfélag okkar undan þeirri meinsemd sem dulið eignarhald er?

Heimildir

1) Heimasiða The Financial Action Task Force (FATF)

<http://www.fatf-gafi.org>

2) Alexander Cooley, Jason C. Sharman : *Transnational Corruption and the Globalized Individual Perspectives on Politics* (gefið út af APSA, Americal Political Science Association) Volume 15, Issue 3 September 2017 , pp. 732-753 Published online: 18 August 2017 <https://doi.org/10.1017/S1537592717000937>

3) Sigmundur Davíð Gunnlaugsson: Málalok. Visir 2.10.2017 <http://www.visir.is/g/2017171009926>

www.visir.is/g/2017171009926

4) The Perfect Offshore Asset Protection Plan Structure - Belize Trust, LLC w/ Offshore Bank Account <https://www.youtube.com/watch?v=DHNHasrOqDE&feature=youtu.be>

5) Charmian Gooch: My wish: to launch a new era of openness in business https://www.ted.com/talks/charmian_gooch_my_wish_to_launch_a_new_era_of_openness_in_business

LÝGILEG LÍFSREYNSLUSAGA

„Einstök saga af sjálfstæðri stúlku. Hin unga Jóga er bæði Lína Langsokkur og Salka Valka – og svo miklu meira.“

Auður Jónsdóttir, rithöfundur

JÓN GNARR

Lýsundur Kassar
XXXXXX
Jóga

Sönn saga um gleði og glatað sakleysi

Jón Gnarr skrifar sögu konu sinnar, Jógu



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is



Stjörustelpur fögnuðu vel og innilega eftir að hafa varið Norðurlandameistararitil sinn. Hér sjást þær með verðlaunagripina. MYND/STEFÁN ÞÓR FRÍÐRIKSSON

Nýjast

Olís deild karla í handbolta

ÍR - Stjarnan 21-30

ÍR: Sturla Ásgeirsson 10/5, Sveinn Andri Sveinsson 2, Aron Örn Ægisson 2, Bergvin Þór Gíslason 2, Arnar Freyr Guðmundsson 2, Ingólfur Arnar Þorgeirsson 1, Daniel Ingi Guðmundsson 1, Halldór Logi Árnason 1.

Stjarnan: Egill Magnússon 8, Ari Magnús Þorgeirsson 6, Gunnar Valdimar Johnsen 3, Andri Hjartar Grétarsson 3, Leó Snær Pétursson 2/1, Garðar B. Sigurjónsson 2, Stefán Darri Þórsson 2, Starri Friðriksson 1, Hörður Kristinn Örvarsson 1, Sveinbjörn Pétursson 1, Bjarki Már Gunnarsson 1.

Valur - Fram 34-30

Valur: Ryuto Inage 8, Vignir Stefánsson 7, Anton Rúnarsson 4, Ýmir Örn Gíslason 4, Ólafur Ægir Ólafsson 4, Magnús Óli Magnússon 4/1, Alexander Örn Júlíusson 2, Sveinn Jose Rivera 1.

Fram: Valdimar Sigurðsson 9, Matthias Daðason 5/1, Arnar Birkir Hálfánsson 4, Bjartur Guðmundsson 4, Andri Þór Helgason 3/1, Lúðvík Thorberg Arnkelsson 2, Aron Fannar Stefánsson 1, Guðjón Andri Jónsson 1, Svanur Páll Vilhjálmsson 1.

Vikingur - Haukar 31-31

Vikingur: Egidijus Mikalonis 17/8, Birgir Már Birgisson 6, Jón Hjálmarsson 2, Viglundur Jarl Þórsson 2, Hjalti Már Hjaltason 2, Jónas Bragi Hafsteinsson 1, Guðmundur Birgir Ægisson 1.

Haukar: Daniel Þór Ingason 8, Halldór Ingi Jónsson 5, Leonharð Harðarson 4, Hákon Daði Styrmisson 3, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 3, Heimir Óli Heimisson 2, Pétur Pálsson 2, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1, Þórður Rafn Guðmundsson 1, Atli Már Báruson 1.

Fjölirnir - Afturelding 26-28

Fjölirnir: Kristján Örn Kristjánsson 8, Andri Berg Haraldsson 6/3, Breki Dagsson 5, Sveinn Jóhannsson 3, Bjarki Lárusson 2, Arnar Snær Magnússon 1, Bergur Eli Rúnarsson 1.

Afturelding: Árni Bragi Eyjólfsson 10/2, Elvar Ásgeirsson 5, Einar Ingi Hrafnsson 3, Gunnar Malmquist Þórsson 3, Kristinn Hranarr Bjarkason 2, Mikki Pinnonen 2, Birkir Benediktsson 2, Ernir Hrafn Arnarson 1.

Staðan

Efst		Neðst	
FH	16	Fram	8
Valur	15	Afturelding	7
Haukar	13	ÍR	6
ÍBV	12	Fjölirnir	3
Stjarnan	11	Vikingur	3
Selfoss	10	Grótta	0

Coca-Cola bikar kvenna í handbolta

Valur - Stjarnan 25-29

Markahæstar: Diana Dögg Magnúsdóttir 9, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 5 - Ramune Pekarskyte 11, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 10.

Fylkir - ÍBV 20-41

Markahæstar: Irma Jónsdóttir 8, Hallfríður Elin Pétursdóttir 6 - Karólína Bæhrenz Láru-dóttir 8, Sandra Dis Sigurðardóttir 7.

Fjölirnir - Grótta 22-12

Markahæstar: Andrea Jacobsen 6, Berglind Benediktsdóttir 5 - Slavica Mrkic 5, Emma Havin Sardarsdóttir 3.

Undankeppni EM 2019 í körfubolta

Ísland - Svartfj.land 62-84

Stig Íslands: Hildur Björg Kjartansdóttir 23/6 fráköst, Helena Sverrisdóttir 18/10 fráköst/9 stoðsendingar, Þóra Kristín Jónsdóttir 5, Hallveig Jónsdóttir 4, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 4, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 3, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Berglind Gunnarsdóttir 2, Sandra Lind Prastardóttir 1.

Í dag

19.20 Grótta - Selfoss	Sport
19.35 Ítalía - Svíþjóð	Sport 2
21.30 Seinni bylgjan	Sport

Stjörnumnar vorðu titilinn

Stjarnan varð um helgina Norðurlandameistari kvenna í hópfimleikum annað skiptið í röð. Stjörnuhljóðið náði sér vel á strik og var með hæstu einkunn í tveimur greinum af þremur.

FIMLEIKAR Kvinnalið Stjörunnar gerði sér lítið fyrir og varði titil sinn á Norðurlandamótinu í hópfimleikum sem fór fram í Lundi í Svíþjóð. Lið frá Íslandi hafa unnið fjóra síðustu Norðurlandameistarititla í kvennaflokki. Grótta varð Norðurlandameistari 2011 og 2013 og Stjarnan 2015 og 2017.

Stjarnan fékk 58.216 í heildareinkunn, 0.883 hærra en GT Vikingarna frá Svíþjóð. Sæby-Viborg frá Danmörku varð í 3. sæti með 55.050 í einkunn. Ungt lið Gerplu hafnaði í 6. sæti með 51.916 í einkunn.

Í karlaflokki endaði Gerpla í sjöunda og neðsta sæti. Í flokki blandaðra liða lenti Gerpla í 4. sæti og Stjarnan í því áttunda.

Norma Dögg Róbertsdóttir er ein af nýliðunum í meistaraliði Stjörunnar enda byrjaði hún bara að æfa hópfimleika í fyrra. Hún var áður í fremstu röð á landinu í áhaldafimleikum.

Norma var að vonum ánægð er Fréttablaðið heyrði í henni í gær, skömmu eftir að Stjörnuhljóðið kom til Íslands. Hún segir flest hafa gengið upp hjá Stjörustelpum um helgina.

„Við fengum hæstu einkunn í dansi á mótinu. Það gekk mjög vel á trampólíni en það voru smá hnökrar á dýnu þar sem við vorum með mjög erfiðar æfingar,“ sagði Norma.

Stjarnan fékk 23.066 í einkunn fyrir dansinn, 17.350 fyrir æfingar á dýnu og 17.800 stig fyrir æfingar á trampólíni.

„Okkar markmið var að klára öll

4.

Norðurlandamótið í hópfimleikum í röð þar sem íslenskt lið hefur verið hlutskarpast í kvennaflokki.

Okkar markmið var að klára öll stökkin okkar og komast á pall. En það er bara geggið að verja titilinn.

Norma Dögg Róbertsdóttir

stökkin okkar og komast á pall. En það er bara geggið að verja titilinn,“ bætti Norma við.

Hún segist ekki sjá eftir því að hafa skipt úr áhaldafimleikum yfir í hópfimleikana þar sem hún nýtur sín vel.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Ég skipti úr Björk yfir í Stjörnunna og stelpurnar þar hafa tekið mér rosalega vel. Þetta er ótrúlega skemmtilegt lið,“ sagði Norma sem keppti með blönduðu liði Íslands á EM í hópfimleikum í Maribor í Slóveníu á síðasta ári. ingvithor@365.is

mít

MENNTASKÓLI Í TÓNLIST HEIÐRAR:

TODMOBILE

Tónlistarstjóri: Vignir Þór Stefánsson

12 söngvarar
5 manna hljómsveit
13 manna kammersveit

15. NÓVEMBER

GAMLA BÍÓ KL. 20
AÐGANGUR ÓKEYPIS

Á myndina vantar Kjartan Óla Eiríksson 1970–2015

Um 200 Íslendingar látast árlega úr ótímabærum hjarta- og æðaáfallum. Um 12 þúsund manns á aldrinum 50–70 ára glíma við afleiðingar slíkra áfalla og lifa við skert lífsgæði vegna þeirra. Með markvissri leit er hægt að finna þessa einstaklinga áður en það er um seinan og koma í veg fyrir áföllin.

Við söfnum fyrir fyrirbyggjandi leit og innleiðingu á öllum heilsugæslum landsins.

Finum fólk í lífshættu

Útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáfallum

907 1502 2.000 KR.	907 1505 5.000 KR.	907 1508 8.000 KR.
------------------------------	------------------------------	------------------------------



HJARTAVERND

Pipartenna SÍA

HEFYFING
HEILSULIND

Apótekarinn⁺

PG-VERK

BLUE LAGOON
ICELAND



Nýjast

Umspil um sæti á HM 2018

Sviss - N-Írland 0-0

Sviss vann einvigið 1-0 samanlagt og er komið á HM.

Grikkland - Króatía 0-0

Króatía vann einvigið samanlagt 4-1 og er komið á HM.

Danmörk - Írland 0-0

Liðin mætast öðru sinni í Dublin annað kvöld.

Nýja-Sjáland - Perú 0-0

Liðin mætast öðru sinni á fimmtudaginn.

NÝR SAMNINGUR OG SIGUR

Sif Atladóttir fagnaði nýjum

tveggja ára samningi við Kristianstad með 5-2 sigri á Kvarnsvedens í lokaumferð sænsku úrvalsdeildarinnar í gær.

Með sigrinum tryggði Kristianstad sér 5. sæti deildarinnar. Sif lék alla 22 deildarleiki Kristianstad á tímabilinu sem var hennar sjöunda hjá félaginu. Og þau verða allavega tvö í viðbót. Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Kristianstad, hefur einnig framlengt samning sinn við félagið.



Með sigrinum tryggði Kristianstad sér 5. sæti deildarinnar. Sif lék alla 22 deildarleiki Kristianstad á tímabilinu sem var hennar sjöunda hjá félaginu. Og þau verða allavega tvö í viðbót. Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Kristianstad, hefur einnig framlengt samning sinn við félagið.

VIÐBURÐARÍK HELGI LÖWEN

Helgin var viðburðarík hjá Þýskalandsmesturum Rhein-Neckar Löwen. Á laugardaginn unnu þeir Leipzig, 23-29, í þýsku úrvalsdeildinni. Í gær gerðu Ljónin svo jafntefli, 26-26, við Barcelona á útivelli. Flott úrslit hjá Löwen sem fékk möguleika til að vinna leikinn í lokasókninni. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Barcelona. Alexander Petersson og Guðjón Valur Sigurðsson fengu hvíld í leiknum gegn Börsungum en skoruðu samtals 15 mörk í sigrinum á Leipzig.

ÁTTA MÖRK JANUSAR DAÐA

Janus Daði Smáráson skoraði átta mörk þegar Aalborg tapaði fyrir Kielce, 30-34, í B-riðli Meistaradeildar Evrópu í handbolta í gær. Janus Daði þurfti aðeins 11 skot til að skora mörkin átta. Selfyssingurinn hefur átt góða leiki í Meistaradeildinni í vetur og alls skorað 19 mörk. Arnór Atlason komst ekki á blað í leiknum í gær. Aron Kristjánsson er þjálfari Aalborg.



Reyni alltaf að bæta mig um eitt prósent hér og þar

Kylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir tryggði sér ekki aðeins áframhaldandi þátttökurétt á sterkustu mótaröð heims, heldur einnig sæti í efsta forgangsflokki sem og þátttökurétt á lokamóti ársins. Þar fá aðeins bestu kylfingar heims að keppa. Ólafía segir að fimm mót á jafnmörgum vikum í Austur-Asíu hafi tekið á.

GOLF Óhætt er að segja að Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hafi skarað fram úr á fyrstu leiktíð sinni á LPGA-mótaröðinni. Hún hafnaði á meðal 40 efstu á Blue Bay-mótinu í Kína sem lauk á laugardagsmorgun en með þeim árangri varð endanlega ljóst að Ólafía verður í efsta forgangsflokki kylfinga á næstu leiktíð. Til þess að vera í þeim hópi þurfti Ólafía að vera á meðal 80 tekjuhæstu kylfinga mótaráðarinnar og hafnaði hún í 73. sæti listans.

Rúsinan í pylsuendanum voru svo þau óvæntu tíðindi að Ólafía hefði þar að auki tryggt sér þátttökurétt á CME Globe-mótinu í Flórída en um lokamót tímabilsins er að ræða og eru háar fjárhæðir þar í húfi. Kylfingar safna stigum allt tímabilið til að komast þangað inn og fá 72 efstu kylfingarnir á stigalistanum þátttökurétt þar.

Ólafía varð raunar í 80. sæti stigalistans en þar sem ekki allir kylfingar þiggja sæti á mótinu komst Ólafía inn með naumindum.

Fréttablaðið náði í Ólafíu um helgina, þegar hún sat á flugvellinum í Peking að bíða eftir flugi til Flórída. Hún hafði reyndar misst af fluginu sem hún átti að fara með, þar sem fyrra flugi hafði seinkað. En hún komst á leiðarenda í gær, eftir langt ferðalag.

Fljót að læra

„Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og líðið ótrúlega fljótt. Ég trúir því ekki að það sé kominn nóvember,“ sagði Ólafía þegar hún var beðin um að hugsa til ársins 2017. Að baki eru 25 mót hjá Ólafíu, þar af þrjú stórmót. „Þetta hefur líka verið krefjandi og því er maður óneitanlega svolítið þreyttur. Að því leyti líður manni eins og þetta hafi verið lengi að líða. En fyrst og fremst afar skemmtilegt ár.“

Besti árangur Ólafíu var á móti í Bandaríkjunum í byrjun september þegar hún hafnaði í fjórða sæti, eftir að hafa vipað eftirminnilega í átjándu holi á lokahringnum fyrir erni. Sá árangur tryggði henni nánast helming alls verðlaunafé ársins - 10,8 milljónir af 22 milljónum alls. Sá árangur fleytti henni upp í 67. sæti peningalistans og náði hún að halda sér á svipuðum slóðum eftir það.

Ólafía segir að árið hafi verið



Ólafía Þórunn endaði í 35. sæti á Blue Bay-mótinu í Kína sem lauk á laugardagsmorgun.

krefjandi, bæði innan vallar sem utan. „Það er alltaf eitthvað nýtt sem kemur upp og maður þarf stundum að vera mjög fljótur að læra. Það þarf að sinna öllu utanaðkomandi áreiti ásamt því að ég þurfti áfram að vinna í minni spilamennsku. Ég hef þó haft það sem reglu að reyna alltaf að bæta mig um eitt prósent hér og þar, raunar í hverju sem er. Það er svo margt sem getur haft áhrif á spilmennskuna og árangurinn.“

Asiusveiflan krefjandi

Lokahnykkur mótaráðarinnar fór fram í Asíu. Eftir mót á Nýja-Sjálandi fóru fram fimm mót í Austur-Asíu á jafn mörgum vikum. Ólafía keppti á fyrstu þremur og náði sér ekki nægilega vel á strík en hvíldi svo í eina viku áður en að koma að mótinu í Kína, þar sem hún spilaði afar vel á köflum.

„Við höfum lent í ýmsu í Asíu-sveiflunni, eins og þessi törn er kölluð. Það var mikill hiti og raki í Malasíu og í Taívan var ótrúlega mikil rigning og vindur. Nú síðast í Kína var völlurinn hálfgrert skrímsli – flatirnar afar ósanngjarnar og afar erfitt að slá inn á þær. En ég bætti mig með hverju móti og lærði inn á hvernig maður á að spila á þessum mótum. Ég er því ánægð með að enda þetta á svona góðum notum.“

Í hugleiðslu í Vietnam

Ólafía tók sér frí á meðan fjórða mótið í Asíusveiflunni, mót í Japan, fór fram. Á meðan varði hún vikunni í Vietnam, á stað þar sem hún gat einbeitt sér að hugleiðslu og jóga. Ólafía, sem hefur áður greint frá því að hugleiðsla sé hluti af hennar undirbúningi, segir að það hafi haft mikið að segja.

„Fyrstu tvo dagana á mótinu í Kína púttaði ég ótrúlega vel. Það fór allt ofan í. Ég fann eitthvað – komst í „zen-ið“ mitt,“ segir hún í léttum dúr en Ólafía segir að þessi fræði hafi reynst henni afar vel.

„Ég hef náð að bæta mig mikið með því að lesa mikið um hugleiðslu og þess háttar mál. Það skiptir mig miklu máli að vera í núinu.“

Eftir mótið komu svo gleðitíðindi, þar sem staðfest var að Ólafía hefði komist inn á CME Globe-mótið. „Það var fyrst í síðustu viku að ég frétti að það væri enn mögulegt. Það kom mér á óvart og skemmtilegt að fá annað tækifæri. Ég hef verið dansandi á línunni ansi lengi og oft verið nálægt því að ná inn. En ég hef leyft

hlutunum bara að koma til mín og þetta er frábært.“

Ég er ótrúlega stolt

Að vera í efsta forgangsflokki á næstu leiktíð þýðir að Ólafía fær sjálfkrafa þátttökurétt á flestum stórmótum. Þá er hún í þeirri stöðu að geta í raun valið sér mót til að keppa á og hún þarf ekki að þiggja öll boð eins og nýliðar eru gjarnir á að gera, enda að berjast fyrir því að festa sig í sessi á mótaröðinni.

„Það er pressa á nýliðum og maður heyrir þá klisju að þeir detti oft út. En ég reyndi að láta það ekki hafa áhrif á mig. Ég spilaði aðeins of mikið í ár og er búin að læra að fimm mót í röð eru of mikið fyrir mig – þá brotnar allt hjá manni í síðasta mótinu. En ég er afar stolt af mínum árangri og er ég búin að afreka ýmislegt sem mig óraði ekki fyrir,“ segir Ólafía og telur upp nokkur dæmi.

„Til dæmis að komast inn á þrjú stórmót, sem var ótrúlegt. Svo hafði ég ekki hugmynd um hvernig Asíusveiflan virkaði og nú er ég komin inn á CME-mótið. Ég fer afslöppuð inn í það. Það verður hálfgrert kósýmót fyrir mig – Tómas [Bojanowski, unnusti hennar] og fjölskyldan koma og við verðum öll saman. Ég hlakka mikið til.“
eiririkur@frettabladid.is

29. NÓVEMBER Í HÖRPU

KATHY GRIFFIN



HEIMSTÚRINN

LAUGH YOUR HEAD OFF

MÍÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050

WELÖ

MÁNUDAGUR 13. NÓVEMBER 2017

Menning



Sveinn Guðmundsson og Rebekka Blöndal heiðra Todmobile á miðvikudaginn ásamt félögum sínum í Menntaskólanum í tónlist. MYND/EYÞÓR

ROYAL
Tryggir
öruggan bakstur



Todmobile

einstök fyrirmynd

Á miðvikudaginn verður Todmobile heiðruð af nemendum hins nýstofnaða Menntaskóla í tónlist. Rebekka og Sveinn verða kynnar og taka líka lagið. ➔2

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Hvenær heilluðust þið af Todmobile? *Rebekka:* Fyrsta lagið sem ég man eftir var Stúlkun. Ég fór í Hemma Gunn þegar ég var fimm ára, var ein af börnunum sem hann tók viðtöl við. Við vissum ekkert hvenær okkar viðtöl myndu birtast svo fjölskyldan fylgdist afskaplega vel með Hemma Gunn þennan vetur. Og þar sá ég Todmobile flytja Stúlkuna í fyrsta sinn og það hefur verið uppáhaldið mitt síðan. Og ég fæ að syngja það á tónleikum.

Sveinn: Ætli ég hafi ekki verið þriggja ára. Ég fékk vinylplötu með Spiladósarlaginu og fékk það alveg á heilann. En var samt svo skít-hræddur við nornina í því lagi að ég stóð þriggja ára við plötuspilarann og færði alltaf nálina á byrjun þegar kom að kaflanum með norninni og hlustaði ekkert á hann. Og hef aldrei hlustað á nornapartinn á þessari plötu.

Hvaða lög syngið þið í sýningunni? *Sveinn:* Ég syng með Eilíf ró með söngkonu sem heitir Salome Sól og svo syngjum við Rebekka saman Þöddulagið. Við stefnum á að rífa þakið af húsinu.

Hver eru tildrög tónleikanna? *Rebekka:* Það hefur verið hefð fyrir því að halda alltaf haust- og vor-tónleika í FÍH og þeirri hefð verður haldið áfram. Kennarar funda yfirleitt til að finna þema og við vorum tveir nemendur sem fengum að leggja til hugmyndir á þessum fundi, og það er gaman að segja frá því að við stungum upp á Todmobile sem síðan var samþykkt. Michael Jackson verður svo heiðraður á vorönninni, í fyrra var það David Bowie og svo framvegis. Todmobile verður þrítug á næsta ári svo þetta er vel viðeigandi.

Er Andrea fyrirmynd ykkar í söng? *Rebekka:* Algerlega. Bæði raddlega og sem performer. *Sveinn:* Við Rebekka komum bæði í ryþmasönginn úr klassíkinni, eins og Andrea, og það er ómetanlegt að geta horft til hennar og séð hvernig hún hefur nýtt klassíska námið í poppinu, blús, djassi og bara öllu. Það er svo margt hægt að læra af því.

Rebekka: Allir meðlimir Todmobile eru klassískt menntaðir og nýttu menntun sína á breiðu sviði og það er mjög lærdómsríkt fyrir okkur öll, bæði strengjaleikarana í kammersveitinni, en Eyþór spilaði á selló, og svo er ferill Þorvaldar mjög spennandi fyrir bæði klassískt og ryþmamenntaða tónlistarmenn. *Sveinn:* Það má segja að þau hafi rutt brautina fyrir klassískt menntaða tónlistarmenn sem langar að færa sig út úr rammanum og reyna fyrir sér í poppi, djassi, blús eða teknó.

Rebekka: Todmobile var ekki bara þekkt fyrir góða tónlist heldur



Sveinn og Rebekka hafa bæði verið aðdáendur Todmobile síðan þau voru smábörn.



Todmobile er þekkt fyrir góða tónlist og skemmtilega búninga.

Lopapeysuball á Akranesi 2006 með Todmobile.

skemmtilega búninga bara þekkt fyrir góða tónlist heldur skemmtilega búninga og sviðsframkomu og við erum mikið búin að þæla í búningum og þess háttar. Allir taka þátt í öllum lögum og skipta oft um fót svo þetta verður heilmikið sjó. Þau voru svo einstök og það hvetur okkur sem tónlistarmenn til að þora að vera líka einstök.

Sveinn: Svo hafa þau líka innleitt vissa hluti úr klassíkinni inni í poppið, stórar strengjautsetningar og flottar hljómasetningar.

Verður Todmobile á staðnum?

Sveinn: Þorvaldur deildi viðburðinum á Facebook og sagðist vera snortinn og ætla að sitja í fremstu röð með popp og kók.

Rebekka: Svo við vonum að þau

Svo hafa þau líka innleitt vissa hluti úr klassíkinni inni í poppið, stórar strengjautsetningar og flottar hljómasetningar

Sveinn Hólmar Guðmundsson

komi bara öll og lofum að redda þessum veitingum handa þeim.

Hvar eru tónleikarnir? *Sveinn:* Þeir eru í Gamla bíói sem er fallegasta tónleikahús landsins og það er ótrúlega spennandi að fá að syngja í þessu húsi.

Rebekka: Líka af því að það kemur við sögu Todmobile en hljómsetningin hélt gjarna útgáfutónleika þar.

Tónleikarnir eru á miðvikudag, 15. nóvember, klukkan 20 í Gamla bíói. Þar koma fram tólf söngvarar, fimm manna hljómseting og þrettán manna kammersveit. Tónlistarstjóri er Vignir Þór Stefánsson. Aðgangur ókeypis en komið tímanlega til að tryggja ykkur sæti.

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS


Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólnum.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402



FRÉTTABLAÐIÐ



Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi sigurdur@landmark.is sími 896 2312
Pórarinn Thorarensen Sölustjóri og eigandi th@landmark.is sími 770 0309
Póreyriðalabjörnsson Stjóri fast. og eignamali th@landmark.is sími 898 8300
Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi andri@landmark.is sími 690 3111
Sveinn Eyland Lögg. fast. og eigandi sveinn@landmark.is sími 690 0820
Kristján Ólafsson Löggiltur fast. kol@landmark.is sími 512 4900
Nadia Katrin Banine Löggiltur fast. nadia@landmark.is sími 692 5002
Benedikt Ólafsson Í námi til lögg. /eigandi bo@landmark.is sími 661 7788
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast. inga@landmark.is sími 897 6717
Egbert Mariusson Í námi til löggildingar eggert@landmark.is sími 690 1472
Jóhanna Gustavsdóttir Í námi til löggildingar johanna@landmark.is sími 698 9470
Helga Snorrardóttir Skrifstofa/skjalavinnsla landmark@landmark.is sími 512 4900
Guðrún D. Lúðvicksdóttir Skrifstofa/í námi til lögg. gudrun@landmark.is sími 512 4900
Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir Löggiltur fast. asdis@landmark.is sími 895 7784

LANDMARK / SMÁRINN | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | www.landmark.is



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
+354 695 8905

Ertu í fasteignahugleiðingum?
Nú er rétti tíminn til að hugsa sér til hreyfings.
Vantar allar gerðir eigna á skrá
Áralöng, dýrmæt og góð reynsla í fasteignaviðskiptum. Ég stend við bakið á þér alla leið.
Nánari upplýsingar í síma 695 8905



Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530
• berg@berg.is - www.berg.is
• GSM 897 0047
Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is

Glæsilegt hús í miðbænum

Kjoreign fasteignasala Ármúla 21, Reykjavík, sími 533-4040 kynnir stórglæsilegt og algjörlega uppgerpt hús (að hluta til nýtt) við Laufásveg. Heildarstærð er 260,4 fm skv. nýrri skráningartöflu.

Húsið er þrjú matshlutar, þrjár íbúðir, allar með sér inngangi. Auðvelt er að breyta nýtingu hússins í einbýlishús.

Flísalögð sameiginleg forstofa á jarðhæð. Inn af forstofunni er þvottahús og inntaksherbergi. Eldhús með góðri innréttingu, opið inn í stofuna. Svefnrými er með glugga. Badherbergi með glugga, sturta. Badherbergið er allt flísalagt. Inni í birtri stærð er rými (þvottahús og geymslur) sem er tengt efri hæðinni. Gólfplisar eru á íbúðinni.

Miðhæðin. Flísalögð forstofa. Rúmgott hol. Rúmgóð stofa sem snýr að Laufásveginum. Auðvelt er að gera herbergi úr hluta stofunnar. Inn af holinu er herbergi sem einnig er með hurð inn í stofuna. Flísalagt sturtubadherbergi. Eldhús með góðri innréttingu. Eldhúsið er opið inn í aðra stofu sem snýr út í garðinn.

Stofan er með tvöfaldri hurð út á verönd og garðinn. Stigi er niður á jarðhæðina og þar er þvottahús, geymsla og opið rými, sem er inni í birtri stærð jarðhæðarinnar. Gagnheil gólfborð eru á hæðinni. Gólfplisar eru á neðri hæðinni.

Ríshæðin. Rúmgott hol/setustofa. Rúmgóð stofa með hurð út á góðar svalir. Badherbergi með badkari, allt flísalagt. Lagt er fyrir þvottavél í badherberginu. Rúmgott eldhús og borðstofa. Setustofa og inn af henni eru tvö svefnherbergi. Inn af eldhúsinu er herbergi (merkt geymsla). Gagnheil gólfborð eru á hæðinni. Raunstærð hæðarinnar er meiri en birt stærð segir til um.

Húsið er timburhús á steinhlöðnum kjallara. Góð lóð. Sér inngangur inn á allar hæðir hússins. Einstakt tækifæri til þess að eignast vandað hús á mjög góðum og eftirsóttum stað í miðborg Reykjavíkur.

Upplýsingar gefa sölumenn Kjoreignar í síma 533-4040 eða kjoreign@kjoreign.is



Uppgerpt hús með þremur íbúðum til sölu við Laufásveg.



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnabogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali



Gunnlaugur A. Björnsson
lögg. fasteignasali



Ásdís Irena Sigurðardóttir



Hafdis Una Guðnýjardóttir
lögg. fasteignasali

Finndu okkur á Facebook



Mariubakki - 3ja herb
Góð þriggja herbergja, 72 fm. íbúð á fyrstu hæð. Vel staðsett eign í örstuttu fjarlægð frá leikskóla, grunnskóla og margvíslegri þjónustu í Mjóddinni. Parket og flisar á gólfi, nýlegt eldhús innréttingu þvottahús og geymsla innan íbúðar. **V. 31,5 m.** Upplýsingar veitir Hafdis 6998217



Bæjarlind 7-9. Glæsilegar nýjar íbúðir.
Glæsilegar nýjar íbúðir í sérlega fallegu lyftuhúsi við Bæjarlind í Kópavogi, rétt við þjónustukjarnann í Smáralind. Stærð íbúða er frá 88,6 fm til 155,5 fm, og er um að ræða 2ja til 4ra herbergja íbúðir, stæði í bilageymslu fylgir hluta íbúða. Glæsilegt útsýni er frá sumum íbúðanna. Afhending vorið 2018.
Verð frá 42,2 milljónir. Uppl. veita Gunnlaugur og Finnabogi.



Langabrekka 16 - Sérhæð
4ja herbergja neðri sérhæð með bílskúr í góðum stað í Kópavogi. Eignin er skráð alls 128,5 fm með bílskúrnum sem er 21,3fm. Björt og góð íbúð. Endurbætt eldhús og badherbergi ásamt gólfefnum. Góðar suðursvalir. Geymsla í sameign. **Verð 44,9 M.**
Opið hús á morgun þriðjudag kl.17:30
Nánari upplýsingar veitir Jón 777-1215.



Skaftahlíð 13 - efri hæð og ris ásamt bílskúr.
Glæsileg mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt risi. Heildarstærð íbúðarinnar er um 170 fm og svo fylgir bílskúr. Neðri hæðin er öll mikið endurnýjuð. Þar eru þrjú stór herbergi og tvær stórar glæsilegar stofur. Þrennar svalir eru á hæðinni. Mjög falleg og virðuleg hæð, frábær staðsetning. Rísið er tilbúið til innréttinga. **V. 77 m**



Tjarnargata - Glæsileg hús við tjörnina.
Húsið er 395,6 fermetra einbýlishús-skrifstofuhúsnæði í góðu ástandi eftir nýlegar algerar endurbætur. Húsið er á þremur hæðum og stendur í fallegum garði með vönduðum steinhlöðslum og timburpöllum og fallegri lýsingu.



Strandvegur 14, Gbr. - 5 herb.
Falleg og vel skipulögð íbúð á annari hæð á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi, eldhús og stofa í samliggjandi rými, útgengi út á svalir frá borðstofu, badherbergi með badkari og sturtuhúsi, þvottahús í sér rými og sér stæði í lokaðri bilgeymslu. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, s: 896-2953.
Eignin verður sýnd í opnu húsi í dag kl. 17:15 - 17:45.



Lundur 90 - 4ra herb. Opið hús
Vönduð fullbúin 115 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Sérinnangangur af svölum, yfirbyggðar svalir í suður og stæði í lokaðu bílskýli. Stutt í alla verslun og þjónustu ásamt fallegum gönguleiðum í Fossvogi. Laus til afhendingar.
Opið hús á morgun kl 16:30 - 17:00. Uppl. veitir Bogi 6993444



Sörlaskjól 48. - 2ja íbúða parhús - Opið hús
Tveggja íbúða parhús á baklóð í vesturbænum. Húsið er á þremur hæðum og stendur á stórra baklóð. Mögulegt að nýta sem eitt 165 fm parhús eða leiga frá sér 55 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara með sérinnangi.
Opið hús í dag kl 16:30 - 17:15 Upplýsingar veitir Bogi 6993444



BORG

F A S T E I G N A S A L A

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS

Fyrsti áfangi



Jaðarleiti 2-6

103 Reykjavík

Næst á dagskrá:

Nýjar íbúðir í Jaðarleiti með útsýni í háskerpu

Fallegar íbúðir í Jaðarleiti 2-6, á eftirsóttum og veðursælum stað í 105 Reykjavík. Úr flestum íbúðanna er fallett útsýni þar sem gluggar ná niður í gólf í björtum og rúmgóðum stofurýmum. Hönnun er öll hin glæsilegasta og byggingarefni valið af kostgæfni með íslenskar veðuraðstæður að leiðarljósi. Íbúðirnar eru flestar á bilinu 60-100 m², 2-3 herbergja. Lyftur í öllum stigahúsum, bílageymslur neðanjarðar og bílastæði milli húsa. Áætlað er að íbúðir í Jaðarleiti verði tilbúnar til afhendingar sumarið 2018.

Nánari upplýsingar í síma 519 5500, á heimasíðu Fastborg.is og á skrifstofutíma í Síðumúla 23.

Allt það helsta í göngufæri

- Verslanir
- Veitingastaðir og kaffihús
- Grunnskólar og leikskólar
- Heilsugæsla
- Félagsstarf aldraðra
- Kringlan
- Leikhús
- Kvikmyndahús
- Fallegar gönguleiðir

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Samngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar
Hallgrímsson
hdl. og lögg.
fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fast-
mark.is



Gisli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadót-
tir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.
is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Bergþórugata 3. 3ja herbergja útsýnisíbúð



OPÍÐ HÚS
Í DAG

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg 84,2 fm. íbúð að meðt. sér geymslu í kjallara í 6 íbúða litlu fjölbýlishúsi nærri miðborginni. Aukin lofthæð, svalir til suðurs og gríðarlega fallegt útsýni. Arinn í stofu. Eldhús með góðum borðkrók og stórum glugga með útsýni út á sundin. Sér bílastæði á malbikuðu plani á baklóð hússins fylgir íbúðinni. Húsið að utan er í góðu ástandi og þakjárn og þakkantur eru nýmáluð. Á baklóð er malbikað plan þar sem hver íbúð á sér bílastæði.

Verð 44,9 millj.

Stórglæsilegar útsýnisíbúðir í Skugganum Tvær íbúðir á sömu hæð. Eignir í sérflokki.

Höfum til sölu afar vandaðar íbúðir ofarlega í vestasta turninum í Skugganum. Íbúðirnar eru báðar innréttaðar á virkilega vandaðan og smekklegan hátt og hefur ekkert verið til sparað í þeim efnum. Hjóna-svítur með baðherbergjum innaf. Stórar og bjartar stofur með útgengi á svalir til suðvesturs. Eldhús útbúin vönduðum tækjum. Úr íbúðunum er glæsilegt útsýni til allra átta. Aðeins þessar tvær íbúðir á hæðinni.

Einstakt tækifæri.

Grjótasel 7. Vel staðsett einbýlishús með aukaíbúð.



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

Eignin verður til sýnis þriðjudag
frá kl. 17.15 – 17.45

291,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum, að meðt. 44,4 fm. tvöföldum bílskúr og 73,5 fm. aukaíbúðar í kjallara með sérinngangi. Á aðahæðum eru m.a. fjögur herbergi, stór stofa og borðstofa með útgengi á svalir til suðurs og stór sólstofa, byggð fyrir 6-7 árum. Sólstofa kemur ekki fram í fermetráðlu hússins. Húsið var múrviðgert og málað árið 2016 og gler og gluggar voru teknir í gegn fyrir um 12 árum. Hellulögð stæði norðan megin við húsið og hellulögð verönd fyrir neðan hús til vesturs.

Vel staðsett eign í lokuðum botnlanga.
Stutt í grunnskóla og íþróttasvæði.

Verð 79,9 millj.

Sogavegur 101. Efri sérhæð ásamt bílskúr.



OPÍÐ HÚS
Í DAG

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Björt og falleg 178,5 fm. 5-6 herbergja efri sérhæð að meðt. 28,8 fm. bílskúr í fjölbýlishúsi á við Soga-veg. Hæðin er vel skipulögð með stórum gluggum sem einkenna hæðina. Tvö baðherbergi eru á hæðinni. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, möguleiki á fimmta herberginu. Rúmgóðar suðvestursvalir. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð m.a. nýlega sprautulökkuð innrétting í eldhúsi, dregið nýtt rafmagn og gestasalerni endurnýjað. Gólf eru með sjónfloti. Góð aðkoma er að bílskúr og húsina frá lokuðum botnlanga við Rauðagerði.

Verð 68,9 millj.

Bollagarðar- Seltjarnarnesi. Glæsilegt einbýlishús á útsýnisstað.



Virkilega fallegt og mikið endurnýjað 225,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað á norðanverðu Seltjarnarnesinu. Mögulegt er að hafa allt að 5 svefnherbergi á efri hæð hússins líkt og upp-haflegar teikningar hússins sýna, en í dag eru svefnherbergin þrjú. Samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með sérsmiðuðum innréttingum. Stór sjónvarpsstofa.

Lóðin er nýlega endurnýjuð, öll afgirt með skjólveggum og með stórum veröndum til suðurs og norðurs. Hús nýmálað að utan.

Verð 99,5 millj.

Grenimelur 13. Efri sérhæð.



OPÍÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

Eignin verður til sýnis þriðjudag
frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 101,0 fm. 4ra herbergja efri sérhæð á þessum eftirsóttasta stað í vesturbænum. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á svalir til suðvesturs. Tvö svefnherbergi. Endurnýjað baðherbergi. Risloft er yfir allri íbúðinni sem hefur verið notað sem herbergi. Búið er nýlega að steina húsið að utan og flota tröppur. Rafagnir endurnýjaðar.

Sér hellulagt bílastæði á lóð fylgir þessari íbúð.
Gróin lóð með miklum trjágróðri.

Verð 56,9 millj.

Flóka-gata 25. 2ja herbergja íbúð með sérinngangi.



Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,5 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu steinhúsi á þessum vinsæla og eftirsóttasta stað á Flóka-götunni á mótum Kjarvalsstöðum og Klambatúni. Rúmgóð og björt stofa með útbýgðum glugga. Rúmgott svefnherbergi og er möguleiki að stúka litlið aukaherbergi af. Opíð eldhús við stofu með nýlegum innréttingum. Gróin falleg lóð með miklum trjágróðri.

Verð 42,9 millj.

Brúnás – Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús.



Vandað 245,5 fm. einbýlishús á einni hæð að meðt. 46,0 fm. tvöföldum bílskúr.

Innréttingar, tæki og gólfefni eru afar vönduð. Hússtjórnarkerfi er í öllu húsinu, m.a. Bang & Olufsen kerfi, ljósastryring og innbyggðir hátalarar í lofti. Arinn í stofu. Afgirt verönd, um 160 fm. snýr til suðvesturs og meðfram húsina. Útsýni til suðvesturs í átt að fjallgarðinum og að Bessastöðum. Á verönd er heitur pottur, útisturta, lítill heitur/kaldrur pottur og rúmgóð sauna. Lýsing er umhverfis húsið, rafmagnshitari undir þakskyggni, eftirlits-myndavél og hiti í stétt.

Glæsileg eign í algjörum sérflokki.

Klapparstigur. Glæsileg 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.



Glæsileg og nánast algjörlega endurnýjuð 63,1 fm. íbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu við Klapparstíg. Sérinngangur er í íbúðina. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, baðherbergi, innihurðar, skápa, gólfefni, allar lagnir og einangra alla útveggi og loft. Íbúðin er öll með aukinni lofthæð. Eign sem vert er að skoða á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur. Allar gardínur, veggplampar, loftljós og vegghillur fylgja með. Fyrir um 11 árum síðan fóru fram miklar endurbætur á húsina að utan undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar og fékk eignin viðurkenningu frá Reykjavíkurborg árið 2006. Þá var m.a. allt timburverk, bárujárn, þak og gler í húsina endurnýjað.

Verð 39,9 millj.

Neshagi. 3ja herbergja íbúð ásamt íbúðarherbergi í risi.



Vel skipulögð 83,4 fm. íbúð á 2. hæð í tiltölulega nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Neshaga.

Íbúðinni fylgir 9,1 fm. íbúðarherbergi í risi með aðgengi að baðherbergi og sameiginlegu eldhúsi. Auk þess fylgir 5,5 fm. geymsla í kjallara. Svalir til suðurs út af stofu.

Húsið var viðgert og steinað fyrir um 9 árum síðan.

Árið 2014 var skipt um gler og glugga í suðurhlíð hússins.

Verð 45,5 millj.



Sverrir Kristinsson Löggr. fasteignasali Guðmundur Sigurjónsson Lögfræðingur, löggr. fasteignasali Kjartan Hallgeirsson Löggr. fasteignasali, framkvæmdastjóri Þórarinn M. Friðgeirsson Löggr. fasteignasali, sölustjóri Magna S. Sverrisdóttir MBA, löggr. fasteignasali Hilmar Þór Hafsteinsson Löggr. fasteignasali, löggr. leigumidlari Guðlaugur I. Guðlaugsson Löggr. fasteignasali Brynjar P. Sumarliðason BSc í viðskiptafr., löggr. fasteignasali G. Andri Guðlaugsson Lögfræðingur, löggr. fasteignasali Gunnar Jóhann Gunnarsson Hdl., löggr. fasteignasali Daði Hafþórsson Aðstoðarm. fast.s. Hreiðar Levy Guðmundsson Aðstoðarm. fast.s. Jenný Sandra Gunnarsdóttir Skrifstofustjóri Elin Þorleifsdóttir Ritari Ásdís H. Júlíusdóttir Ritari María Guðrún Waltersdóttir Móttökuritari

ÆGISÍÐA 105, 107 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS



Ægisíða 105, 223,7 fm hús með tveimur íbúðum, annars vegar íbúð á hæð, ris og bílskúr 159,5 og hins vegar íbúð í kjallara er skráð 64,2 fm. Falleg eign sem hefur fengið gott viðhald og lýtur vel út. Eignin selst í einu lagi. Íbúð á hæð: Komið er inn í forstofu, eldhús, badherbergi með sturtuklefa, hjónaherbergi og stofa þar sem útgengt er út á timbursvalir með stiga niður í gróin garð. Bílskúr fylgir eigninni, með rafmagni, heitu og köld vatni. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús með kjallara. Íbúð í kjallara: Forstofa, herbergi, eldhús, svefnherbergi. Auka herbergi fram við hol fylgir íbúðinni. **Opíð hús þriðjudaginn 14. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 105 m.**

FLYÐRUGRANDI 18, 107 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS



Falleg 4-5 herbergja 131,5 íbúð með sérinngangi og um 17,5 fm svölum ásamt verönd og sérlóð. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrjú herbergi, badherbergi, þvottahús, eldhús og stórar stofur. Í kjallara er sérgæymsla, sameiginleg hjólageymsla. Á þakhæð er sameiginlegt gufubað með flísagöri aðstöðu, sturtu o.fl. Verðlaunalóð. Íbúðin getur hentað fyrir hreyfihamlaða. Laus strax. **Opíð hús þriðjudaginn 14. nóvember 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 59,5 m.**

ÁLFKONUHVARF 53 203 KÓPAVOGUR



OPÍÐ HÚS

Falleg 110,0 fm 3ja - 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi við Álfkonuhvarf. Tvennar svalir og glæsilegt útsýni yfir Elliðavatn og Heiðmörk. Stofa og 2-3 herbergi. Þvottahús innan íbúðar. Íbúðinni fylgir staði í bílageymslu.

Opíð hús miðvikudaginn 15. nóvember 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 45,9 m.

KRISTNIBRAUT 51 113 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

Rúmgóð og vel skipulögð 142,8 fm 4ra herb. endaíbúð með sér inngangi við Kristnibraut. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, sjónvarpshol, tvö herbergi og þvottahús. Fallegt útsýni til austurs og norður að Esjunni. Tvennar svalir til suðurs og austurs.

Opíð hús þriðjudaginn 14. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 49,9 m.

RÁNARGATA 3A 101 REYKJAVÍK



Falleg 132,5 fm hæð og ris í 2-býlishúsi við Ránargötu í Vesturbænum. Íbúðin skiptist m.a. í eldhús, góðar stofur, sjónvarpshorn/vinnukrök, þrjú herbergi, badherbergi og þvottahús. Sólrikur suður garður.

Nánari uppl. veitir: Daði Hafþórsson aðst.m.fast.sala s: 824 9096 eða Magna S. Sverrisdóttir lg. fast.sali, magna@eignamidun.is V. 56,9 m.

BORGARGERÐI 6 108 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

Falleg og mikið uppgerð 119,5 fm 5 herb. íbúð í 3-býli, þar af 24,2 fm bílskúr. Stór þakhæð er yfir íbúðinni sem er að miklu leiti undir súð og gólfhlöturinn því mun stærri en skráðir fermetrar. Tvö stór herbergi eru á þakhæðinni. Íbúðin er í grónu og rólegu hverfi miðsvæðis í borginni þar sem stutt er í þjónustu og verslun. **Opíð hús miðvikudaginn 15. nóvember 2017 milli kl. 17:00 og kl. 17:30. V. 54,9 m.**

AUSTURBERG 4 111 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

Falleg 4ra herbergja 93,9 fm íbúð á 4.hæð. Stofa og þrjú herbergi. Útgengt er út á suðursvalir frá stofu. Mjög fallegt útsýni er úr íbúðinni. Snrytileg sameign. Vel skipulögð eign á góðum stað þar sem skóli, sundlaug og íþróttasvæði er í næsta nágrenni.

Opíð hús mánudaginn 13. nóv. milli 17:00 og 17:30. V. 30,9 m.

ÁSGARÐUR 36 108 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

2ja herb. 58,5 fm íbúð í tvíbýlishúsi við Ásgarð á frábærum stað í austurborginni. Sér inngangur. Gengið út á sér verönd til suðurs. Hús nýlega múrviðgert og málað. Endurnýjað gler og gluggar í suðurhlíð ásamt hurð út í garðinn. Fallegt flísalaft badherbergi. Rúmgóð stofa og rúmgtott herbergi þar sem gengið er út í garð. Sérþvottahús. Sérmerkt bílastæði. **Opíð hús þriðjudaginn 14. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 30,9 m.**

STRANDASEL 11 109 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

43 fm. stúdíóíbúð á 3.hæð í mjög góðu talsvert endurnýjuðu fjölbýli. Mjög snrytileg sameign. Íbúðin er með eldhúsi, stofu með svefnkrök og badherbergi. Stórar suðursvalir. Laus við kaupsamning.

Eignin verður sýnd miðvikudaginn 15. nóvember 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 22,9 m.

GRETTISGATA 69 101 REYKJAVÍK



OPÍÐ HÚS

Góð 89,8 fm 3ja herb. íbúð í litlu fjölbýli við Grettisgötu. Stofa og tvö herbergi, en gengið er í annað þeirra frá gangi. Íbúðin hefur nýlega verið standsett. Frábær staðsetning í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin er ósamþykkt.

Eignin verður sýnd þriðjudaginn 14. nóvember 2017 milli kl. 16:30 og kl. 17:00. V. 27,9 m.

HÁALEITISBRAUT 109 108 REYKJAVÍK



Mjög falleg og vel skipulögð 110,8 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í eftirsóttu fjölbýlishúsi við Háaleitisbraut í Reykjavík. Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu, eldhús, þrjú herbergi, fataherbergi, badherbergi og þvottahús. Frábær staðsetning miðsvæðis. Stutt í skóla og þjónustu. **V. 44,9 m.**

SKÓLAGERÐI 31 200 KÓPAVOGUR



Fallegt 177,2 fm 6 herbergja parhús með bílskúr á góðum stað í Kópavogi með stórum skjólögðum garði. Húsið skiptist m.a. í stofu, eldhús, badherbergi og fjögur herbergi. Arinn í stofu. Svalir. Gengið út í garð úr stofum. Eignin er vel staðsett nærri skóla í Vesturbæ Kópavogs. **V. 63,9 m.**

BREKKUGATA 13, 210 GARÐABÆR



Nýtt parhús í Garðabæ. Fallegt nýtt 212,8 fm 7 herbergja parhús í byggingu á tveimur hæðum með bílskúr á stórkostlegum útsýnisstað ofarlega í Urriðaholti Garðabæjar. Gengið er inn á efri hæð þar sem eru stofur og eldhús. Teiknistofan Hughrif er aðalhönnuður hússins. Húsið afhendist nánast tilbúið til lokainnréttinga samkvæmt skilalýsingu. Húsið verður fullbúið að utan. Að innan verða innveggir klárir og lýsing í loftum. Innfeld lýsing í loftum efri hæðar. Lóð gróðfönuð. **Nánari upplýsingar um eignina gefur Hilmar Þór Hafsteinsson löggildur fasteignasali s. 824-9098 eða hilmar@eignamidlun.is V. 78 m.**

HÓLMGARÐUR 49 108 REYKJAVÍK



Mjög falleg og mikið endurnýjuð 164,6 fm íbúð á tveimur hæðum við Hólmgarð í Reykjavík. Sér inngangur. Rishæðin var byggð fyrir u.þ.b. 10 árum síðan. Rishæðin er nýtt í dag sem ein stór stofa, baðherbergi og hol. Ef nýta á rishæð í samræmi við teikningu á efri að setja upp milliveggi. Möguleiki væri að hafa þrjú herbergi í risi. Eftirsótt staðsetning. Örstutt í leikskóla, þjónustu og verslanir. **V. 61,9 m.**

SÓLEYJARIMI 9 112 REYKJAVÍK



Mjög falleg og rúmgóð 134,9 fm 3ja-4ra herb. endaíbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Sóleyjarima í Grafarvogji. Sér inngangur af svalagangi. Íbúðin er fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin skiptis m.a. í mjög stóra stofu, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús og forstofu. Sér geymsla í kjallara. Stæði í bílageymslu. Glæsilegt útsýni. **V. 56 m.**

LÆKJARHVAMMUR 22, 220 HAFNARFJÖRÐUR



Einstaklega vel staðsett 294,6 fm, 7 herb. endaraðhús á tveimur hæðum innst í botnlanga. Stór bílskúr og upphitað bílastæði. Möguleiki á að gera aukaíbúð á 1. hæð. Efri hæð: Hol, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi, 2 svefnherbergi, stofa og borðstofa, sjónvarpshol, búr/geymsla, geymslur. Neðri hæð: Forstofa, íbúðarherbergi, baðherbergi, geymslur, eldhús, bílskúr, þvottahús. **Góður bílskúr og upphitað bílastæði og aðkoma. V. 71,5 m.**



FIMM
ÍBÚÐIR ERU
EFTIR

Nýtt í Mosfellsbæ

Vefarastræti 7-11

Glæsilegar nýjar íbúðir við Vefarastræti 7-11 í Helgafellshverfi. Um er að ræða nýtt 3ja hæða lyftuhús. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna, innréttingar eru frá HTH. Bílastæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðunum.

Til sölu 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir

Stærð frá 68,2 fm til 125,5 fm.
Verð frá 36,0 m. til 56,9 m.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464



Brynjar Þór Sumarliðason
Löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

LAUGAVEGUR 40 101 REYKJAVÍK



Tvö vel staðsett verslunarrými á 1. hæð (götuþæð) í nýlegu og vel viðhöldnu húsi við Laugaveg 40. Um er að ræða tvö fastanúmer. Auðvelt er að samnýta rými. Verslunarrými 1: 167,4 fm rými sem skiptist í verslunarrými 95,2 fm og lagerrými í kjallara 72,2 fm. Rúmgóð lyfta er milli hæð. Verslunarrými 2: 54,9 fm rými sem hentar vel litlum verslunum eða ferðaþjónustufyrirtækjum. Möguleiki er á að kaupa annað hvort bilið. **Verð 149,9 millj. Nánari uppl. veitir G. Andri Guðlaugsson lg. fasteignasali s. 662 2705, andri@eignamidlun.is V. 149,9 m.**

FRAMNESVEGUR 7 101 REYKJAVÍK



Framnesvegur- gistihús, hús á þremur hæðum, kjallari, hæð og ris sem hefur verið nýtt og leigt út í tólf aðskildum herbergjum. Heildarstærð matshlutans er um eða rúmlega 200 fm. Húsið hefur verið mikið endurnýjað bæði að innan og utanverðu m.a endurnýjað þak, þakgluggar, gaffl hússins klæddur, rennur og niðurföll, skólp og drenlagir. Að innan eru allar innréttingar nýlegar, þrjú sameiginleg baðherbergi og tvö eldhús endurnýjaðar raflagnir og fl. Óskað er eftir tilboði í eignina sem er öll í útleigu og fylgja leigusamningar.



Bókið skoðun hjá sölumönnum



Eignamiðlun kynnir til sölu

EINSTAKAR ÍBÚÐIR VIÐ JAÐARLEITI 2-6

Fallegar íbúðir í nýju hverfi á frábærum stað í borginni. Flestar íbúðir með fallegu útsýni.

Stærðir frá 60,4 m² til 147,7 m². Stór hluti íbúðanna er 2-3ja herbergja. Íbúðum verður skilað fullbúnum án gólfefna. Bílastæði í bílageymslu fylgja hluta íbúða. Áætluð afhending sumarið 2018.



Brynjar Þór Sumarliðason
Löggiltur fasteignasali
Sími: 896 1168



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 864 5464



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali/sölustjóri
Sími: 899 1882



Daði Hafþórsson
Nemi til löggildingar fasteignasala
Sími: 824 9096



ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Frámkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali



STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumíslari



BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON
Lögfræðingur
GSM 660 4777



ERLÁ DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



JÓHANNA ÍRIS SIGURBARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166



MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKADÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508



EINAR S. VALDIMARSSON
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314



KAREN ÓSK SAMPSTED
Sölufulltrúi / nemi til lögg. fasteignasala
GSM 869 9967



ÞÓRUNN LILJA VILBERGADÓTTIR
Lögfræðingur / nemi til lögg. fasteignasala
Sími 535 1002

EYJABAKKI 12, ÍBÚÐ 203, 109 RVK 32.9M



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508

OPÍÐ HÚS mánudaginn 13. nóv. kl. 17:30-18:00. 70,9 fm. íbúð í nýlega endurnýjuðu fjölbýli. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Húsið er nýlega endurnýjað að utan.

BÚÐAVAÐ 6, 110 REYKJAVÍK 84.9M



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508

Fallegt frábærlega staðsett parhús á tveimur hæðum með útsýni yfir Elliðaavatn úr stofu og af svölum. Efri hæðin er 99,7 fm, neðri hæðin 88,6 fm og bílskúr 30,7 fm, samtals 219,0 fm.

VATNSSTÍGUR 16-18, 101 RVK VERÐTILBOÐ



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

Vönduð 3ja herb. íbúð á 15. hæð. til norðurs, vesturs og suðurs. Íbúðin skiptist í borðstofu, setustofu, bókastofa, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, gestasnyrtng og þvottahús. Arinn í stofu.

LAUGAVEGUR 49, 101 REYKJAVÍK 49.9M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

STAKFELL KYNNIR Í EINKASÖLU: Snyrtileg 121,8 fm vinnustofa við Laugaveg. Sér inngangur og flott útiaðstaða í sameign.

HOFSVALLAGATA 61, 107 RVK 39.9M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

Snyrtileg 2 herbergja, 84,6 fm. íbúð á jarðhæð við Hofsvallagötu 61. Íbúðin skiptist í forstofu og hol, 1 svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi.

LOGAFOLD 66, 112 GRAFARVOGI 78.9M



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508

197 fm einbýli neðst í hverfinu með óhindruðu aðgengi að göngustígum og útivistarsvæðum. Rúmgóð stofa með mikilli lofthæð og vönduðum innréttingum. Eigandi hefur áhuga á skiptum á 4. herb íbúð í Grafarvogi.

VESTURGATA 7, 101 REYKJAVÍK 39.9M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

OPÍÐ HÚS miðvikudaginn 15. nóv. kl. 12:00-12:30. 65,6 fm. íbúð fyrir 67 ára og eldri. Íbúðin er með inngang af sameiginlegum svölum, skiptist í anddyri, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi.

KALDAKINN 1, 220 HFJ 24.9M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

OPÍÐ HÚS fimmtudaginn 16. nóv. kl. 17:00-17:30. Snyrtileg tveggja herbergja, 52,6 fm. íbúð við Köldukinn 1, Hafnarfirði. Íbúð skiptist í gang, stofu, eldhús, baðherbergi, og eitt svefnherbergi.

VESTURBERG 118, 109 REYKJAVÍK 38.9M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

OPÍÐ HÚS mánudaginn 13. nóv. kl. 17:30-18:00. Fjögurra herbergja, 103,2 fm. Íbúð sem skiptist í anddyri og hol, stofu, eldhús, fataherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og 3 svefnherbergi. Stutt í alla helstu þjónustu.

LINDARGATA 28, 101 REYKJAVÍK 55.8M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

OPÍÐ HÚS miðvikudaginn 15. nóv. kl. 17:30-18:00. 85,1 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, 2 svefnherbergi og baðherbergi.

ÁRSALIR 3, 200 KÓPAVOGUR 39.9M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

OPÍÐ HÚS þriðjudaginn 14. nóv. kl. 12:00-12:30. 92,7 fm. íbúð á jarðhæð með palli til suðurs. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Sér geymsla í sameign.

BRÚARFLÖT 3, 210 GARÐABÆR 87.5M



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967

OPÍÐ HÚS þriðjudaginn 14. nóv. kl. 17:30-18:00. Snyrtilegt 206,7 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr, sem teiknað er að Kjartani Sveinssyni.



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

NORÐLINGABRAUT - GÓÐ ATVINNUPLÁSS

TIL LEIGU



STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON / SÍMI 895 2049 OG STEFAN@STAKFELL.IS

Erum með til leigu þrjú mjög góð atvinnurými, til afhendingar strax. Hentar vel undir ýmiskonar atvinnustarfsemi, heildverslun, lager, þjónusta, smáverkstæði, starfsstöð iðnaðarmanns, dótakassa og þess háttar. Gluggar og innkeyrsluhurðir á öllum plássum. Greið aðkoma og flott staðsetning. Stærðir á plássum eru: 121 fm, 163 fm og 200 fm.

BALDURSNES 8, 600 AKUREYRI

TIL LEIGU

GAGNHEIÐI 17, 800 SELFOSS

32.5M



STEFÁN 895 2049 / ÓLAFUR 663 2508



MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967



Baldursnes 8, á besta stað við Þjóðveg 1 á leið inná Akureyri. Samtals 1.968 fermetrar sem má skipta upp í minni rými. Grunnflötur 1.848, milliloft 120 fermetrar. Staðsetning með mikið auglýsingagildi vegna mikillar umferða. Vegg hæð er 4,2 metrar, hæð undir mæni 7 metrar.

